



**Hlakka til**

Bls. 6

**Tvöfalt dýrari vörukarfa**

Bls. 8

**Takt í tilveruna**

Bls. 14

**Lítil grein**

Bls. 20

**Ellilífeyrisréttindi**

Bls. 30

**Víti til varnaðar**

Bls. 34





# ALUX

## ÖÐRUVÍSI EN ANNÐ!

**gorenje**

Taktu áskoruninni. Nú er tími kominn til að innleiða álið í eldhúsið.

Ál áferðin endurspeglar hreinleika tækjanna og tæknileg

fullkomnan Gorenje gerir tækin auðveld í notkun.

Alux tækin frá Gorenje veita þér margfalda ánægju.

# RÖNNING



Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími 460 0800

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag  
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ Jónsson  
Sigurður Bessason  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir  
Fjóla Jónsdóttir  
Garðar Vilhjálmsson  
Guðmundur Þ Jónsson  
Guðrún Kr. Ólafsdóttir  
Harpa Ólafsdóttir  
Hildur Kjartansdóttir  
Hjálmarfríður Þórðardóttir  
Hjördis Baldursdóttir  
Hjördis Þorsteinsdóttir  
Hulda Hafsteinsdóttir  
Ingunn Þorsteinsdóttir  
Kristjana Valgeirsdóttir  
Margrét Davíðsdóttir  
Sigurður Bessason  
Sigurlaug Gröndal  
Sveinn Ingvarson  
Tryggvi Marteinsson  
Viktória Jensdóttir  
Þórdís Andrésdóttir  
Þórir Guðjónsson  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir  
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir  
Elin Baldursdóttir  
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókbönd

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd

Hjálmarfríður Þórðardóttir  
í sælureit í sveitinni

Aðsetur

Efling-stéttarfélag  
Sæturni 1  
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-  
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-  
ing viðkomandi.  
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510  
myndsendar: 510 7511

# Takt í tilveruna

Efling-stéttarfélag og Tryggingastofnun ríkisins hafa gengið frá samkomulagi um heilsueflingarátak sem miðar að því að hvetja félagsmenn að stunda heilbrigð-  
ara lífni, að auka vellíðan og draga úr streitutengdum sjúkdómum. Verkefnið  
heitið „Takt í tilveruna“ og er hugsað út frá því hvernig við náum aftur tökum á til-  
veru okkar þegar við glímum við sjúkdóma.

Á undangengum árum hefur stöðugt fjölgað í þeim hópi sem hefur orðið að láta  
af störfum og fara á örorku löngu fyrir töku lífeyris. Margir sem lenda í þessari  
stöðu finnast þeir standa einir í baráttunni og fátt um úrræði. Þessu viljum við  
breyta. Þegar fólk lendir í erfiðum sjúkdómum s.s. af völdu streitu þá eiga að vera  
úrræði sem standa fólki til boða. Við þurfum á fræðslu og þekkingu á halda bæði  
til þess að greina vandann og ekki síður hvers eðlis hann er. Við getum ekki setið  
aðgerðarlaus og látið sem vandinn sé ekki til. Hann blasir allstaðar við okkur.

Orsaka streitutengdra sjúkdóma má leita víða og ef til vill eru skýringarnar jafn  
margar og einstaklingarnir sem þjást. Í seinni tíð hafa sjónir manna í auknum mæli  
beinst frá einstaklingunum sjálfum til umhverfisins. Lífeðlisfræðilegar og lífena-  
fræðilegar skýringar hafa vikið fyrir félagslegum og umhverfislegum skýringum.  
Sumir telja orsakanna að leita í vinnumhverfinu, en sífellt fleiri sjá þó ástæðu til  
að líta lengra – út í samfélagið sjálft og alla lífsomgjörðina. Í samstarfsverkefni  
Tryggingastofnunar ríkisins og Eflingar-stéttarfélags „Takt í tilveruna!“ verða  
streituvaldarnir í umhverfinu teknir til sérstakrar skoðunar. Leitast verður við að  
gera fólk betur fært um að bregðast við sívaxandi áreiti og finna sinn eigin takt í  
tilveruna.

Efling-stéttarfélag fagnar þessu samkomulagi og þakkar Tryggingastofnun fyrir  
frumkvæði og samstarfsvilja sem getur skilað launafólki miklum árangri.

## Virkt félag – ánægja með þjónustuna

Það er ánægjulegt að sjá hversu mikill fjöldi félagsmanna Eflingar eru í reynd að  
nýta sér þá þjónustu sem Efling býður upp á. Oftar en ekki kveður við þann tón  
að stéttarfélag séu bæði gömul og þreytt og hafi upp á lítið að bjóða. Tölur hér í  
blaðinu um þátttöku félagsmanna Eflingar í ýmiss konar starfsemi félagsins sýnir  
allt annað. Með því að leggja saman þann fjölda sem sækir þjónustu í sjúkrahjól  
félagsins, fræðslusjóði, ýmsa þjónustu á skrifstofu og helstu fundi þá má gera ráð  
fyrir því að um tveir af hverjum þremur a.m.k. komi á einhverja fundi í félaginu,  
njóti einhvern þjónustu frá félaginu, styrkjum eða stuðningi í einu formi eða  
öðru á hverju ári. Í Gallup könnun á síðasta ári um þjónustu skrifstofu kemur í  
ljós að nærri 9 af hverjum 10 eru ánægð með þjónustuna, sem hlýtur að teljast gott  
í stóru stéttarfélagi með mörg viðfangsefni á þjónunum. En það er hægt að gera  
enn betur og það gerum við best með því að fræða félagsmenn og hvetja þá til að  
kynna sér og sækja þá þjónustu sem þeim stendur í boði af hálfu félagsins.

**Sigurður Bessason**  
formaður

### EFNISYFIRLIT

|                             |    |                           |    |
|-----------------------------|----|---------------------------|----|
| Hátt þjónustustig           | 4  | Ellilífeyrisréttindi      | 30 |
| Hlakka til                  | 6  | Fræðandi ferð             | 32 |
| Tvöfalt dýrari vörurkarfa   | 8  | Víti til varnaðar         | 34 |
| Tilvalið nám                | 10 | Spennandi verkefni        | 41 |
| Útskrift                    | 12 | Viltu námsráðgjafa?       | 43 |
| Settlers in Iceland         | 13 | Hrafnista                 | 44 |
| Takt í tilveruna            | 14 | Útskrift Granda           | 45 |
| Vildi helst vinna öll kvöld | 16 | Göngubretti á Reykjalundi | 47 |
| Litil grein                 | 20 | Sigur                     | 50 |
| Parft framtak               | 24 | Krossgátan                | 52 |
| Kemur mér ekki við          | 29 | Áhugi hjá yngsta fólkinu  | 54 |



Sigurður Bessason flytur skýrslu stjórnar á aðalfundi

Aðalfundur Eflingar

# Hátt þjónustustig félagsins

## Níu af hverjum tíu ánægðir með þjónustuna

Á síðasta aðalfundi Eflingar voru kynntar nýjar tölur yfir helstu þjónustuþætti félagsins. Í þeim kemur fram mjög hátt þjónustustig hjá félaginu. Með því að leggja saman þann fjölda sem sækir þjónustu í sjúkrasjóð félagsins, fræðslusjóði, ýmsa þjónustu á skrifstofu og helstu fundi má gera ráð fyrir því að um helmingur félagsmanna a.m.k. njóti einhverrar þjónustu frá félaginu, styrkja eða stuðnings í einu formi eða öðru á hverju ári. Í Gallup könnun á síðasta ári um þjónustu skrifstofu kom í ljós að nærri 9 af hverjum 10 eru ánægð með þjónustuna, sem hlýtur að teljast gott í stóru stéttarfélagi með mörg viðfangsefni á þjónunum hverju sinni.

### Yfir 3100 fá stuðning úr sjúkrasjóðum

Á síðasta starfsári voru alls 3.150 félagsmenn sem fengu greiðslur í einhverju formi úr sjúkrasjóðum Eflingar. Flestir fá sjúkradagpeninga eða tæplega 600 manna hópur, en nærri 500 fá sjúkrabjálfunarstyrki og nærri 700 styrki til að greiða krabbameinsskoðun. Sjúkrasjóðir Eflingar greiddu á síðasta ári nærri 120 milljónir í styrki til félagsmanna sinna, en þar af eru yfir 90 milljónir í sjúkradagpeninga.

Um 1.150 félagsmenn fengu styrki úr fræðslusjóðum félagsins á sama tímabili. Langflestir fá styrki úr Starfsafla, sem er fræðslusjóður Flóans eða um 600 manns, en næstflestir úr sjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar eða um 350 manns. Alls voru veittir styrkir á fræðslusviði sem nema 39 milljónum. Til viðbótar þessum einstaklingsstyrkjum má áætla að um þúsund starfsmenn fyrirtækja innan SA hafi farið á starfstengd námskeið á vegum fyrirtækis síns með stuðningi frá Starfsafla. Við þetta bætast starfstengd námskeið á umönnunarsviðum og félagsleg námskeið, en á eigin námskeiðum Eflingar fyrir trúnaðarmenn, starfslokanámskeiðum og öðrum námskeiðum á vegum félagsins hafa þátttakendur verið á þriðja hundrað. Að öllum líkindum eru því á þriðja þúsund félagsmenn að fá stuðning til að stunda nám af margvíslegu tagi á þessu tímabili.

Nálægt 2200 samningar eru gerðir um orlofshús, orlofsbúðir og tjaldvagna á þessu tímabili. Af þessari tölu má gera ráð fyrir um eitt þúsund samningum yfir háannatímann, sem er sumar, vor og haust, en vetrarleiga hefur einnig farið vaxandi öll síðustu ár. Þá ferðuðust um 500 manns með Eflingu í skipulögðum ferðum á síðasta ári.



## Um 500 launakröfur

Á kjaramálasviði félagsins er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir heildarfjölda þeirra sem leita til félagsins, en lausleg könnun fyrir nokkrum misserum sýndi að um 100 manns komu á skrifstofu Eflingar á degi hverjum eða átту símtöl við skrifstofuna. Launakröfur á síðasta ári voru nálægt 500 en oft fer mikill tími í launamál án þess að þau verði að formlegum kröfum t.d. þá í gegnum trúnaðarmenn og starfsmenn.

Efling er með sérstaka fundi fyrir ungt fólk í framhaldsskólum ef óskað er eftir og hafa starfsmenn fundað með nokkur hundruð nemendum í MS á þessu vori.

Yfir 400 framteljendur sækja þjónustu Eflingar og njóta aðstoðar við skattaframtöl en framtölin sem unnin eru verða ætíð mun fleiri en þetta.

Þá eru ótaldir allir fundir með félagsmönnum, þ.m.t. fundir á vinnustöðum Eflingar þar sem starfsmenn og forystumenn koma að ósk starfsmanna, trúnaðarmanna eða fyrirtækja. Á annað hundrað manns voru á sérstökum morgunverðarfundum hjá Eflingu í vetur og fundað hefur verið á vinnustöðum með nokkur hundruð félagsmönnum á síðustu mánuðum.

Um 1200 manns sækja sérstakt samsæti Eflingar fyrir eldri félagsmenn á hverju ári og um 1000 manns mæta í 1. maí kaffi félagsins.



Frá aðalfundi Eflingar

Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur vonandi nokkra mynd af starfsemi Eflingar. Lauslega áætlað virðist sem félagið sé að þjóna a.m.k. um 12000 manns á ári en líklegt má telja að þar séu í einhverjum tilvikum um að ræða sömu einstaklingana.

Velkomin í  
**Galtalækjarskóg**  
- við rætur Heklu

Hjálkyllur  
Ættarmót  
Starfsmannahópar  
Fyrirtæki  
Félagssamtök

... á allra vörum!  
um verslunarmannahöginu

Leiktæki fyrir börn  
Tjaldsvæðið opið frá 13. júní

Upplýsingasími 866 5415 • Galtalækjarskógur: 487 6305

Nýráðinn hagfræðingur Eflingar



# Hlakka til að takast á við starfið

**-segir Harpa Ólafsdóttir**

*„Ég tel að það sé afar þýðingarmikið að fólk sé meðvitað um kjör sín og réttindi og hafi góðan málsvara til þess að fylgja því eftir.“*

Það verður mjög spennandi að takast á við þetta nýja starf og áhugavert að skoða hvernig launapróunin hefur verið undanfarin ár. Erum við að sjá mikið misræmi í launahækkunum hjá ákveðnum starfshópum? Hvernig hefur miðað í launajafnrétti kynjanna og svona mætti lengi

telja. Ég bíð spennt eftir að byrja og kynnast þessum nýju verkefnum og félagsfólkinu í Eflingu, segir Harpa Ólafsdóttir, nýráðinn hagfræðingur Eflingar-stéttarfélags í samtali við Eflingarblaðið. Blaðið forvitnaðist nánar um Hörpu, fyrri störf hennar, áhugamál og fjölskyldu.

Ég lauk framhaldsnámi í þjóðhagfræði 1991 með rekstrar- og markaðsfræði sem aukagrein. Frá því að námi lauk hef ég unnið aðallega við störf sem að tengjast aukafögum mínum. Starfaði nú síðast sem vörustjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Hugur en þar áður vann ég hjá Ræsi.

**Hvernig kom það til að þú leitaðir eftir starfi hjá Eflingu?**

Ég hef alltaf haft áhuga á tölulegum upplýsingum og velferðarmálum almennt. Þegar ég frétti síðan af lausu starfi hagfræðings hjá Eflingu, þurfti ég ekki langan umhugsunarfrest til þess að sækja um það starf. Ég tel að það sé afar þýðingarmikið að fólk sé meðvitað um kjör sín og réttindi og hafi góðan málsvara til þess að fylgja því eftir. Sagan hefur kennt okkur að við erum mun öflugri sem heild heldur en hvert í sínu lagi þegar kemur að því að berjast um kaup og kjör. Þá hefur orðið talsverð vaxning meðal fólks að leita sér endurmenntunar og sá stuðningur sem að Efling veitir ásamt öflugum sjúkrasjóði er ómetanlegur bakhjarl fyrir hinn almenna launþega.

Það verður mjög spennandi að takast á við þetta nýja starf og áhugavert að skoða hvernig launapróunin hefur verið undanfarin ár. Erum við að sjá mikið misræmi í launahækkunum hjá ákveðnum starfshópum? Hvernig hefur miðað í launajafnrétti kynjanna og svona mætti lengi telja? Hver er árangurinn af síðustu kjarasamningum og hvernig verður undirbúningi hagað að þessu sinni? Allt eru þetta mikilvæg viðfangsefni sem er eftirsóknarvert að fá að takast á við. Einnig kynnist ég væntanlega mörgu áhugasömu fólki og öll reynsla er af hinu góða.

**Áttu áhugamál fyrir utan vinnuna?**

Já, ég hef gaman að allri útiveru, garðrækt og fer í sund annan hvern dag. Þá er alltaf gaman að fara í sumarbústaðarferðir í góðra vina hópi. Stundaði hestamennsku fram undir þrítugt eða þar til strákarnir mínir komu til sögunnar. Hver veit nema að maður taki upp þráðinn aftur á gamals aldri!

Ég hlakka til að takast á við nýja starfið og vona að ég geti lagt mitt af mörkum til þess að gera gott félag enn betra.

*Harpa Ólafsdóttir er 38 ára. Hún er gift Erlingi Erlingssyni bifvélavirkjameistara og saman eiga þau tvíburana Agnar og Egil sem eru átta ára gamlir.*



**Það getur allt gerst!**



Lífð er úkrýtið og skemmtilegt. Það færir okkur daglega undur  
ef öllum stærðum og gerðum – sum góð og óntur veri.  
Með góðum váttryggingum getum við dregið úr þeim áðöllum sem oft fylgja  
óhöppum og notið áhyggjulaus þess góða sem lífið hefur að bjóða.

**Njóttu lífsins – áhyggjulaus**



**SJÓVÁ-ALMENNAR**

Eftir ESB aðild Svía

# Vörufarfan tvöfalt dýrari í Noregi

- segja Neytendasamtökin í Noregi



*Verð á kókflösku er tvöfalt hærra í Noregi en í Svíþjóð – margs konar gjöld skýra m.a. muninn.*

*Verðmunur á kjúklingum er mjög mikill. Kjúklingabringur kosta 138 kr kg í Noregi – 49 krónur í Svíþjóð – 65% sparnaður af því að kaupa í Svíþjóð*

Harlem Brundtland sagði árið 1994: Sænsku landamærin verða að einu löngu búðarborði ef Noregur er utan ESB eftir að Svíar ganga í bandalagið.

Í 10. hefti tímarits norsku neytendasamtakanna 2002 er mjög athyglisverð umfjöllun um landamæraerslun sem nú á sér stað milli Noregs og Svíþjóðar. Þar segir m.a. „Ef þú ferð tvisvar yfir landamærin til þess að versla og kaupir leyfilegt magn ertu búinn að spara þér fyrir sólarlandaferð“. Þar er sagt að þumal-



puttareglan sé sú að vörurnar fáið á hálfvirði miðað við Noreg. Þú sparar sem sagt jafn mikið og þú eyðir. Starfsmenn blaðsins könnuðu tilgátuna og fundu út að vörurkarfa sem kostaði 2.000 kr. í Svíþjóð kostaði 4.100 kr. í Noregi, þ.e. meira en tvöfaldur munur.

Reglan er sú að hver einstaklingur má versla fyrir 2.000 krónur í eins dags ferð. Ef maður gistir eina nótt hækkar kvótinn upp í 5.000 krónur. Mögulegur sparnaður við þá nótt gerir mun meira en að borga svítu á lúxushótel. Þarna er meira að segja sett upp dæmi fyrir þar frá Bergen þar sem það flýgur frá Bergen til Osló, tekur lest til Gardemoen og þaðan leigubíl til Svinesund handan landamæra. Ef keyptur er fullur kvóti, alls um 200 kg af vörum, gist á hóteli um nóttina, vörurnar eru sendar til Bergen með frakt en samt sem áður 1.000 krónur norskar eftir af sparnaði upp á 10.000 kr.

Það eru auðvitað ýmsar reglur sem gilda um leyfilegt magn af þessu og hinu og sumt er bannað að flytja inn t.d. áfengi sem er sterkara en 60%. Einnig er bannað að kaupa pottaplöntur í Svíþjóð og flytja þær til Noregs og sérstaka athygli vekur auðvitað að það er stranglega bannað að kaupa kartöflur handan landamæra og flytja þær til Noregs. Kannast einhver lesenda við þetta? Það er margt líkt með frændum. Og er einhver undrandi þó Evrópu-umræðan sé komin á fullt aftur í Noregi?

#### Nokkrir punktar til upplýsingar

1994 var 8% lægra matvælavæð í Svíþjóð, 21% lægra 1998 og nú segir norska neytenda-blaðið að sænska væðin sé einungis helmingur af því norska.

#### Verðin á kók tvöfalt í Noregi

Sérgjöldin í Noregi eru margvísleg 33 cl. kókflaska (innihaldið) er framleidd á einum stað í Svíþjóð og seld beggja vegna landamæra. Í nóvember 1999 kostaði flaskan 9 krónur og 11 aura í Noregi og 4 krónur og 64 aura í Svíþjóð. Verðin er því nær tvöfalt í Noregi. Þriðjungur væðsins í Noregi kemur frá virðisaukaskatti (1,70), umbúðagjaldi (1,13) og kol-sýrugjaldi (0,52). Í Svíþjóð koma 50 aurar af útsöluverði frá virðisaukaskatti og hin gjöldin finnast ekki.

#### Ótrúlegur munur á kjúklingavæð

Væðmunurinn á kjúklingum milli þessara nágrannalanda er ótrúlegur. Í vetur var kíló-væðin á kjúklingabringum í Noregi rúmar 138 krónur. Samtímis var væðin í Svíþjóð á nákvæmlega sömu vöru tæpar 49 krónur, 65% af norska væðinu sparast við innkaup í Svíþjóð.

#### Athugið að í greininni eru allar upphæðir í norskum krónum.



## Öflugt félagsstarf!

Félagsmiðstöðvar Félagsþjónustunnar eru opnar öllum aldurshópum á 14 stöðum í borginni.

Þar er boðið uppá fjölbreytt félagsstarf og góðan félagskap.

**Félagsþjónustan í Reykjavík • [www.felagsthjonustan.is](http://www.felagsthjonustan.is)**



Áhugasamir nemendur í Grunnmenntaskólanum vinna að verkefnum

Grunnmenntaskóli Eflingar í haust

# Tilvalið nám fyrir Eflingarfélagi

Efling mun í samstarfi við Mími-símenntun fara aftur af stað með Grunnmenntaskólann í haust. Í Grunnmenntaskólanum er lögð áhersla á að kenna svokölluð kjarnafög s.s. íslensku, ensku, stærðfræði og tölvunotkun en einnig er farið í mannleg samskipti og tjáningu, gerð færnimöppu og atvinnuumsókna.

Stefnt er að því að kennsla hefjist um miðjan september og standi fram að áramótum. Eftir áramót er síðan stefnt að því að fara af stað með seinni önn skólans. Það sem skólinn er styrktur af starfsmenntasjóðum með aðild Eflingar er hægt að halda verði í algeru lágmarki en hver önn kostar kr. 20.000 og félagsmenn geta síðan sótt um 75% endurgreiðslu á því.

Byrjað er að taka niður skráningar á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500, þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar um skólann. Þetta er tilvalið nám fyrir félagsmenn Eflingar sem vilja styrkja sig í námi og efla sig á vinnu- markaði.

Þá er ekki annað eftir en að lyfta símtólinu og hringja í Eflingu. Hvernig væri að leita upplýsinga???? Gæti verið spennandi einmitt fyrir þig.

Orlofsuppbót

## Launamenn athugið

**Minnum á orlofsuppbótina.**  
**Allar nánari upplýsingar á skrifstofu**  
**Eflingar í síma 510-7500, í**  
**kjarasamningum eða á heimasíðu**  
**félagsins [www.efling.is](http://www.efling.is)**



# Er kominn tími á ... stéttina?

rennurnar?  
málninguna?  
gluggana?  
klæðninguna?  
baklöt?  
hurðirnar?  
sólakálan?  
bústaðinn?  
innkeyrslna?  
bílskúrinn?  
gólfeðin?  
viðbygginguna?  
pallinn?  
gáðinn?  
girdinguna?  
hekklot?  
slattuvelina?  
pottinn?  
skjólvegginn?

Færð þú  
endurgreidda  
vexti?\*

## Við leggjum þér lið!

- **Yfirdráttur** er góð skammtisfjármögnun. Í særðri við þjónustufulltrúa ákveður þú hverju hár yfirdráttarinn á að vera. Þeir sem eru í Vildar- eða Valþjófnistu geta jafnframt stjórnað fjárfestingu sjálfir í Netbankanum innan tiltekinnar markar.
- **Húslán** eru verðtryggt lán með breytilegum vðatum. Lánin eru veidd í öllum öðrum Íslandsbanka og þú færð svar um lánavillinga innan sólarhrings.
- **Víxill** er skammtisfjármögnun, yfirleitt til þriggja mánaða, og greiddar vextir fyrir fram en höfudstóll af löntilna loknum.
- **Skuldabréf** eru bæði verðtryggt og óverðtryggt og taka vextir með af viðskiptan og tryggingum.
- **Fjárfestingarlán** eru verðtryggt vðlán, vextir eru festir í 3 ár og eru endurskuddir á 5 ára fresti. Lámslmi er allt að 25 ár. Vextir taka með af tryggingum og greiðsluhæfi skuldara.

Ef þér finnst kominn tími á endurbætur skaltu skoda öll þau hagstæðu lán sem Íslandsbanki býður fólki í framkvæmdahug. Við bjóðum verðtryggt og óverðtryggt lán til lengri og skemmri tíma.

Fáðu nánari upplýsingar hjá þjónustufulltróum okkar, á [isb.is](http://isb.is) eða í þjónustuveri bankans í síma 440 4000.





Myndirnar eru frá útskrift Landnemaskólans

# Útskrift Grunnmennta- og Landnemaskólans

Nýlega fóru fram útskriftir úr Grunnmenntaskóla og Landnemaskóla Eflingar-stéttarfélags sem hafa báðir verið starfsræktir í samvinnu Eflingar og Mímis-símenntunar. Úr Grunnmenntaskólanum útskrifuðust nú 9 Eflingarfélagar en 16 félagsmenn úr Landnemaskólanum. Báðir skólarnir eru starfræktir í Gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu þar sem Mímir-símenntun hefur komið upp glæsilegu kennsluhúsnæði.

Í Grunnmenntaskólanum er lögð áhersla á að kenna kjarnafög s.s. íslensku, stærðfræði, ensku, samskipti og fleira, en gert er ráð fyrir að nemendur hafi ekki meira en grunnskóla-próf að baki þegar þeir hefja nám. Í Landnemaskólanum, sem er skipulagður sérstaklega fyrir félagsmenn af erlendu bergi brotnu, er leitast við að kenna um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi, íslenska menningu og að sjálfsgöðu íslenskt mál.

Í báðum skólunum var einnig lögð sérstök áhersla á að kynna og fara í gegnum svokallaða færnimöppu sem er leið sem Mímir - símenntun hefur þróað í norrænu samstarfi og gengur út á að nemendur geri sér grein fyrir möguleikum sínum þekkingu og hæfni. Í færnimöppunni tekur hver nemandi saman upplýsingar um sjálfan sig og reynslu sína, hvort heldur er formlegu námi, starfsreynslu eða frítíma-starfi sem hann hefur safnað sér og setur fram á skipulegan hátt. Með færnimöppunni geta nemendur þannig áttað sig betur á stöðu sinni og skipulagt frekara nám eða velt fyrir sér möguleikum á nýju starfi.



Meðfylgjandi myndir voru teknar í tíma Grunnmenntaskólans og við útskrift hjá Landnemaskólanum. Báðir skólarnir verða starfræktir aftur í haust og er þegar byrja að taka við fyrirsögunum og skráningum.



## Settlers in Iceland - A school for foreign members

The educational fund of Efling and in cooperation with Mímir - símenntun will offer new courses in Icelandic next winter, a total of 150 lessons. This education is designed to provide a deeper understanding of the Icelandic language and society in the minds of the members of Efling. They will learn about the Icelandic community, the Icelandic labour market and about Icelandic traditions and culture.

We assume that participating companies will make sure that employees continue to receive their wages while attending classes. We plan to teach throughout the winter, but the timing of classes will be planned in cooperation with employers to minimise disruption.



*Unnið að gerð færimöppu í námi á vegum Eflingar*

We encourage foreign employees and their employers to consider this offer and to contact the office of Efling for further information.

**Telephone: 510-7500, or  
e-mail, [efling@efling.is](mailto:efling@efling.is)**

## Landnemaskólinn haustið 2003

Landnemaskólinn er samstarfsverkefni Mím-is-símenntunar og Eflingar-stéttarfélags og er skólanum ætlað að stuðla að menntun starfsmanna af erlendum uppruna þannig að þeir verði öflugri og dýrmætari starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði. Megin áhersla er lögð á nám í íslensku og að auka þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Einnig er áhersla lögð á samskipti á vinnustað og sjálfsefningu. Höfuðáhersla er lögð á talmál. Haft er í huga að fyrir nemendum er íslenska þeirra annað mál – þ.e. fyrst og fremst tæki til boðskipta og tjáningar. Nemendur vinna m.a. verkefni þar sem þeir nýta reynslu úr eigin menningarheimi jafnframt því að afla sér heimilda um íslenskt samfélag.

Námið, sem er 150 stundir, fer af stað í september og verður að hluta til haldið á vinnutíma, þannig að gert er ráð fyrir að nemendur sækji námið í samstarfi við sinn vinnuveitanda. Skráning er hafin hjá Eflingu og nánari upplýsingar má fá á skrifstofu félagsins í síma 510-7500.

**SUNDLAUG AKUREYRAR**

**Baðströnd í bænum!**

- 3 Sundlaugar
- 4 Heitir pottar
- Eimbað
- 2 Rennibrautir
- Gufubað
- Ljósabekkir
- Fjölskyldugarður

Opið kl. 7<sup>00</sup> - 21<sup>00</sup> virka daga • 8<sup>00</sup> - 18<sup>00</sup> um helgar  
Sími 461 4455

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)

Samstarf Eflingar og Tryggingastofnunar

# Takt í tilveruna!



Tekningar: Magnús B. Óskarsson

**Efling-stéttarfélag og Tryggingastofnun ríkisins hafa gert með sér samkomulag um að virkja fólk í heilbrigðu líferni og auka velliðan félagsmanna Eflingar-stéttarfélags. Stefnt er að því m.a. að fækka sjúkradögum og seinka töku lífeyris.**

Á undanförunum árum hefur tíðni streitu-tengdra sjúkdóma aukist verulega um allan hinn vestræna heim og allt bendir til þess að þessi þróun muni halda áfram. Verði ekki brugðist við í tíma með uppbyggjandi hætti er viðbúið að innan fárra ára muni þurfa að grípa til aðgerða sem rýrt geti rétt launafólks til töku lífeyris eða til að fá greidd laun eða bætur í veikindum.

Orsaka streitutengdra sjúkdóma má leita víða og ef til vill eru skýringarnar jafn margar og einstaklingarnir sem þjást. Í seinni tíð hafa sjónir manna í auknum mæli Viðtalstímar lögfræðinga

beinst frá einstaklingunum sjálfum til umhverfisins. Lífeðlisfræðilegar og lífefnafræðilegar skýringar hafa vikið fyrir félagslegum og umhverfislegum orsakaskýringum. Sumir telja orsakanna að leita í vinnuumhverfinu, en sífellt fleiri sjá þó ástæðu til að líta lengra – út í sam-

félagið sjálft og alla lífsumgjörðina. Í samstarfsverkefni Tryggingastofnunar ríkisins og Eflingar-stéttarfélags, „Takt í tilveruna!“ verða streituvaldarnir í umhverfinu teknir til sérstakrar skoðunar. Leitast verður við að gera fólk betur fært um að fóta sig við sívaxandi áreyti og finna sinn eigin takt í tilverunni.

Vaxandi hraði og aukin tækni býður þeirri hættu heim að fólk tapi eigin sjálfstrausti og getu, en aðhyllist í staðinn ýmsar tæknilausnir sem eru ekki alltaf farsælar til lengdar. Slíkt leiðir fyrir eða síðar til ofnotkunar á heilbrigðiskerfinu og ómarkvissra útgjalda úr almannasjóðum, sjúkrasjóðum og síðar greiðslum úr lífeyrissjóðum.

Ör þróun tækninnar, sérstaklega svokallaðrar tímasparandi tækni undanfarna áratugi, samhliða aukinni streitu og vaxandi tilfinningu fólks fyrir tímaskorti, hlýtur að vekja upp margar áleitnar spurningar. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir þessum breytingum í samfélaginu sem sífellt verða hraðari og ágengari. Einnig er mikilvægt að þekkja takmörk sín, spyrna við fótum eða bregðast við og finna leiðir til að komast af í þessum síbreytilegu aðstæðum.

## Takt í tilveruna! er tilraunaverkefni og mun því þróast eftir því sem fram vindur

### Fyrstu þættir þess verða:

#### 1. Fræðslufundur með stjórn og starfsmönnum Eflingar

#### 2. Námskeið fyrir trúnaðarmenn, trúnaðarráð og fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins Framsýnar

Trúnaðarmenn Eflingar - stéttarfélags eru um 270 talsins. Félagið hefur unnið markvisst að aukinni fræðslu trúnaðarmanna og er námskeiðið liður í því að gera þá færari í að bregðst fyrir og betur við, skjólstæðingum sínum til varnar.

#### 3. Námskeið fyrir félagsmenn

Boðið verður upp á námskeið fyrir félagsmenn. Um er að ræða þrískipt námskeið fyrir 20 - 50 manna hópa. Fyrst er um hefðbundna fræðslu og umræður að ræða. Þá er boðið upp á umræður í tölvusamskiptum um tiltekin viðfangsefni. Að síðustu mun hópurinn hittast til að fara yfir reynslu sína af námskeiðinu og skiptast á gagnlegum athugasemdum.



sumarlegt...



Bláa lónið biður þin hlýtt og notalegt. Hægt er  
að fá nudd í lóninu og á fjölbreyttum matseðli  
finnurðu það sem fullkomnar heimsóknina.

**Opið alla daga**

lagoon@bluelagoon.is • [www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is) • 420 8800



Í vinnustaðaheimsóknum hjá Ístaki



## Vildi helst vinna öll kvöld

- segir Torfi S. Einarsson

Þeir sem átt hafa leið í Laugardalinn hafa tekið eftir steinsteypu sem spröttið hefur upp úr jörðu eins og gorkúlur síðustu daga. Þar er verið að reisa heilsumiðstöð sem á að tengjast Sundlaugunum og verður ein sú stærsta og fullkomnasta í landinu. Ístak sér um framkvæmdina og meðal starfsmanna eru nokkrir félagsmenn í Eflingu. Það var tilvalið í góða veðrinu að ræða við þessa harðduglegu starfsmenn sem eru að leggja grunninn að góðri heilsu okkar hinna í framtíðinni.

Torfi S. Einarsson, gröfustjóri og trúnaðarmaður varð fyrstur á vegi okkar. Aðspurður, sagðist hann hafa unnið hjá Ístak í sjö ár. Ég var að vinna á gröfu við hleðslu á grjóti í Noregi í nokkra mánuði, en kom svo heim og hóf störf hér í byrjun mars, segir hann. Hann segist mest hafa starfað við að grafa fyrir sökklum og lögnum og fylla yfir.

**Hvernig er vinnuaðstaða og aðbúnaður starfsmanna?**

Aðstaður hafa verið mjög góðar hjá fyrirtækinu eftir því sem ég best veit. Við höfum aðgang að matsal þar sem við drekkum kaffið og fáum heita máltíð í hádeginu. Svo er ágætis búninga- aðstaða með læstum skápum og hreinlætisaðstaða með sturtum, en þær eru lítið sem ekkert notaðar.

**Hvernig er vinnutíminn?**

Fastur vinnutími er frá klukkan hálf átta á morgnanna til korter í fimm, en við höfum verið að vinna til klukkan sjö á kvöldin að undanfögnu. Síðan má búast við að kvöldvinna og helgarvinna bætist við á næstunni á einhverjum vinnustöðum. Ég mundi helst vilja vinna til klukkan tíu öll kvöld og eitthvað um helgar, því að mér finnst launin alltof lág til að hægt sé að framfleyta stórra fjölskyldu eins og minni á sósamlegan hátt.

Mér finnst launin alltof lág til að framfleyta stórra fjölskyldu sósamlega



**Helmingi lægri en uppmælingin**

Fyrr á árum voru vinnuvélastjórnendur með sömu laun og iðnaðarmenn, en núna eru þau rúmlega helmingi lægri ef miðað er við uppmælingu. Þetta segir mér, að það er löngu orðið tímabært að stofna sérdeild innan Eflingar fyrir stjórnendur vinnuvéla og bifreiðastjóra sem sjá um þungaflutning og reyna þannig að vinna þennan mun upp aftur.

Um trúnaðarmannsstarfið sagði Torfi, að það hefði lítið reynt. Það virðist vera að félagar mínir séu lítið fyrir að kvarta eða kannski eru þeir bara smeykir við að láta skoðanir sínar í ljós. Ég veit það ekki, sagði Torfi að lokum.



# Líkar mjög vel vinnan hérna

- segir Helgi Einarsson

Helga Einarsson, byggingaverkamaður, er að vinna niðri í grunninum. Hann hefur unnið hjá Ístak í tvö og hálf ár og sagði að sér líkaði vinnan mjög vel, en launin mættu vera hærri. Ég er að fara í sumarfrí með foreldrum mínum um miðjan júní. Fyrst er ferðinni heitið til Hollands þar sem við ætlum að dvelja í sumarhúsi í eina viku. Síðan keyrum við til Þýskalands og Danmerkur. Ég hef ekki haft tök á að fara í sumarfrí síðastliðin tvö ár og vonandi verður þessi ferð því mikil upplyfting, sagði Helgi og var rokinn í burtu til að sinna störfum sínum í þessari stóru holu.



Í mörgu að snúast, segir Helgi Sigurðsson við steypusílið

**Lokastig framkvæmda við Lækjarskóla**

## Er eiginlega í öllu

- segir Andrés J. Andrésson

Ístak teygir anga sína um allt land og jafnvel til útlanda. En við ætlum ekki að fara langt því að nú er ferðinni heitið í Hafnarfjörðinn til móts við Andrés J. Andrésson, verkamann sem hefur unnið frá upphafi við framkvæmdir á Lækjarskóla við Hörðuvelli. En skólinn á að vera tilbúinn 1. ágúst næstkomandi og endaspertturinn því hafinn.

Andrés stóð uppi í kerru og mokaði af krafti ásamt vinnufélaga sínum og það var greinilega mikil hugur í mannskapnum sem til sást á svæðinu. Ég er eiginlega í öllu, sagði hann, þegar hann gaf sér tíma til að líta upp. Núna er verið að ganga frá niðurföllum, vinna undir malbik og gera göngustíga. Þá er verið að setja mold og þökur hinu megin við húsið og síðan verða sett upp leiktæki.

**Hvað tekur við hjá þér þegar að þessum framkvæmdum lýkur?**

Þá fer ég að vinna við vegagerð og brúarframkvæmdir á Reykjanesbrautinni, þar sem kirkjugarðurinn er uppi á hæðinni hérna rétt hjá.

**Hvað gera starfsmenn sér til skemmtunar?**

Það er af ýmsu að taka. Þegar einstaka verkþættir við þessar framkvæmdir ganga vel komum við saman við grillið og þá er gaman að



Hann er duglegur á skóflunni hann Andrés

skemmta sér með frábærum vinnufélögum. Svo er starfsmannafélagið með ýmislegt á dagskrá. Árhátíðir eru haldnar, utanlandsferðir og leikhúsmiðar eru í boði á niðurgreiddu verði og ýmislegt fleira er gert til að koma saman og kynnast og skemmta sér.

**Mér heyrir að það sé lítið um sumarfrí hjá mönnum í þinni starfstétt?**

Já, það er örugglega rétt. Á sumrin er aðal vertíðin hjá okkur og menn vinna eins mikið og þeir geta, en ég ætla að reyna að komast eitthvað í viku frí með veiðistöngina. En núna verð ég að hætta þessu spjalli því að það er kominn matur og hann bíður ekki eftir mér, ef ég mæti ekki á réttum tíma í mótuneytið sagði Andrés og hvarf á braut svo skjótt að ekki varð auga á festandi.

Efling fer norður í Skagafjörð og Siglufjörð



Málmey í Skagafirði

Ljós: Þorfinnur Sigurgeirsson

## Málmey og Síldarminjasafnið á dagskránni

Hin eftirsóttu ferð Eflingar um miðsumar verður um Norðurland að þessu sinni. Það eru Siglufjörður og sveitir Skagafjarðar sem fá félagsmenn Eflingar í heimsókn að þessu sinni og verður margt skemmtilegt á dagskránni. Ferðin verður dagana 3–6. júlí þetta sumar. Nú er skipulag ferðarinnar að komast á lokastig og verður Sauðárkrókur miðpunktur og dvalarstaður þar sem gíst er allar næturnar.

Farið verður í dagsferð á Siglufjörð þar sem síldarminjasafnið er skoðað og fleira spenn-

andi. Annan dag verður boðið upp á siglingu að Drangey og þaðan í Málmey þar sem til stendur að grilla ef veður leyfir. Gott aðgengi er í Málmey en þar var byggð fram á miðja síðustu öld. Álög voru á bændum í Málmey um búsetu umfram 20 ár á eyjunni og var talið að búseta í eyjunni lengur en í tvo áratugi hefði í för með sér slys eða óhamingju fyrir ábúendur.

Nýr kostur í boði hjá Eflingu

## Orlofsávísanir gefa ódýra ferðamöguleika



Ávísanirnar er hægt að nota sem greiðslu fyrir gistingu á Fosshótelum og Edduhótelum og einnig fyrir sumarferðir hjá Ferðafélagi Íslands

og Útivist. Orlofsávísunin gildi eingöngu þegar greitt er fyrir gistingu.





Lífið er ekki þrautalaust

**Paratabs**

**PRAUTREYNT VERKJALYF**



LYFJAPRÓUN • HUÐVIT • BÆÐI  
[www.delta.is](http://www.delta.is)

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tanngripa, tíðaverkjun o.fl. Einnig við sótthita af völdum influensu og annarra umgangssætra eims og lífeis. **Væððæðzægla:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífransjúkðöma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lífransjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Óf stór skammtur getur valdið lífrabólgu. **Áukaverkanir:** Parasetamól veður sjaldan aukaverkanum og þóist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lýsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skóðartun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skóðartun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 08.01.99*



# Lítill grein sem varð að skjólbelti

- rætt við Hjálmfríði Þórðardóttur og Halldór Stefánsson





Nú er komið fram í júní og sumarbústaðar-eigendur komnir á kreik á þjóðvegum landsins. Margir eru að fara í fyrstu ferðina í bústaðinn á þessu ári og mikil eftirvænting liggur í loftinu. Alltaf eru áhyggjur af því hvort eitthvað hafi gengið úrskeiðis. Hefur vatnsrör sprungið, veggir og gólf sigið eða lyfst, gluggar sprungið eða jafnvel brotist inn og einhverju stolið? Fólk sem aftur á móti fer í sumarbústaðinn flesta mánuði ársins, er öllu rólegra því að það þykist vita að allt sé í stakasta lagi.

Hjálmsfríður Þórðardóttir, starfsmaður á skrifstofu Eflingar og Halldór Stefánsson, bókbindari, fara eins oft og þau geta í bústaðinn sinn í Prastarskógi. Þangað er ferðinni heitið og eru Hjálmsfríður og Halldór með í för. Ætlunin er að ræða við þau um sælureitinn þeirra, sem er í landi Öndverðarness, skammt frá sjoppunni við brúna yfir Sogið.

Það er ekið eftir rauðamalarvegi heim að bústaðnum, sem minnir á rauðu dreglana, sem kóngafólk og önnur stórmenni, ganga eftir í opinberum heimsóknum, enda erum við ekki langt frá Kónsveginum fræga. Það er ekki laust við að maður fyllist lotningu. Eftir skamma stund, erum við komin inn á bílaplan, fyrir neðan bústaðinn. Hjálmsfríður fer strax inn, að hella upp á kaffi og smyrja brauð. Við Halldór tyllum okkur niður við borð í stofunni, og eftir að hafa gert veitingunum góð skil, getur spjall okkar loks hafist.

## Áratugur hjá Eimskipum

Ég spyr, Hjálmsfríði fyrst, hvernig tengsl hennar við Verkamannafélagið Dagsbrún hafi byrjað?

Mér finnst að ég hafi verið tengd Dagsbrún frá því ég fór 12 ára gömul í mína fyrstu kröfugöngu en raunveruleg tengsl eru síðan 1973. Þá hafði maðurinn minn útvegað mér afleysingastarf hjá Eimskip. Ég átti að leysa skrifarana í Faxaskála af í nokkrar vikur. Að þessum sumarvikum liðnum var ég ráðin í fasta vinnu og reyndar vann ég hjá Eimskip í 10 ár. Mér fannst mjög gott að vinna þar og vinnufélagarnir frábærir. Ég hefi verið svo lánsöm að geta haldið sambandi við marga þeirra enn í dag.

Ég kom svo inn í trúnaðarráð Dagsbrúnar 1976 minnir mig og í stjórn 1982, ritari félagsins 1987 til 1996.

Það var um haustið 1983 sem ég fór að vinna á skrifstofu Dagsbrúnar svo ég á eiginlega 20 ára starfsafmæli í haust.

En nú hefur líf þitt snúist um eitthvað meira en starfið fyrir Dagsbrún?

Já, en ætli það sé ekki best að Halldór segi þér frá því.



Hjálmsfríður undirbýr matjurtaræktun

Faðir minn, sem var múrari, fékk þessari lóð úthlutað, segir Halldór, hálfum hektara og við byrjuðum að byggja þennan bústað árið 1972. En lukum svo að mestu leyti við hann ári seinna.

Ég man að við vorum hér í marsmánuði, veturinn 1973, í nokkurra gráðu frosti og ekki búið að innrétta. Þá bjuggum við okkur til skýli úr einangrunarplötum til að sofa og þá var kalt að fara á fætur á morgnanna. En maður var ungur og hafði bara gaman að þessu.

## Mánaðarlaun í plöntukaup

Foreldrar mínir voru lítið hérna, þannig að það kom fljótlega í hlut okkar Hjálmsfríðar að halda þessu áfram og við byrjuðum að rækta landið. Það var í kringum 1980, segir Hjálmsfríður, þá plöntuðum við greni. Plöntur voru mjög dýrar og við reyndum að halda okkur við að eyða ekki nema, svona eins og einu og hálfu mánaðarkaupi mínu í plöntukaup. Seinna fór- um við í eigið uppeldi, ýmist á stiklingum eða af fræum. En ef að okkur langar í eitthvað sérstakt eins og rósir þá kaupum við það.

Halldór sagði það hafi ekki verið talið skynsamlegt á þeim tíma að reyna ræktun gljávíðis því að hann var talinn óræktanlegur nema í skjóli. Hann óx vel, þangað til að hann varð fyrir þessum sveppi sem hefur grassað hér fyrir austan, undanfarin þrjú ár. Við verðum bara að sjá hvað hann gerir í framtíðinni. Fyrir utan grenið sem hún

Hjálmsfríður, nefndi áðan og gljávíðinn, höfum við plantað töluvert af ösp, birki og selju og mikið af sólberjarunnum sem hafa þrífist afskaplega vel hér.

## Tilraunaræktun í Bjarnarfirði

Á allra síðustu árum höfum við svo verið með tilraunaræktun, segir Halldór ennfremur. Við erum að rækta eitt og annað sem við flytjum norður í Bjarnarfjörð á Ströndum. Við

Þá bjuggum við okkur til byrgi úr einangrunarplötum til að sofa í og þá var kalt að fara á fætur á morgnanna





Það eru mörg handtökin í sveitinni

eignuðumst landskika þar fyrir nokkrum árum eftir móður mína og fer hluti af þessari tilraunaræktun fram þar. Það helsta sem við höfum plantað fyrir norðan eru strandavíðir, hreggstaðavíðir og slíkar harðgerðar tegundir. Svo höfum við flutt dálítið af greni og ýmislegt fleira þangað. Blómin þrífast afskaplega vel fyrir norðan, segir Hjálmsfríður, fallestu túlpanar sem ég hef ræktað voru á bökkum Bjarnarfjarðarár.

### Jarðarberin áhugamál

En ef við snúum aftur að ræktuninni hér í Prastarskógi, þá eru hérna margar tegundir af fjölræm blómum. Meðal annars erum við með töluvert mikið af garðabrúði, sem er orðin hér að skógarplöntu, hún er líka nýttajurt því te af henni gefur góðan svefn. Íslensku jarðarberin eru sérlegt áhugamál. Þau blómstruðu alls ekki hérna fyrstu árin en nú eru þau mjög dugleg að fjölga sér og margir hafa fengið plöntur hjá okkur því þetta er sjaldgæf jurt. Þá erum við með innflutt jarðarber hér út um allt og hefðbundna matjurtarækt, eins og rabbarbara, kartöflur og gulrætur og margt fleira. Og ekki má ég gleyma seljunni, sem er við bílaplanið. Hún hefur alltaf verið í sérstöku uppáhaldi hjá mér, hún var svo ung og grön

og veikbyggð fyrstu árin en nú sér hún alveg um sig sjálf og er vorboði hér því hún lafgast fyrst af öllu.

**Þú ætlaðir að segja mér frá trjágrein sem þú fannst í Vesturbænum í Reykjavík fyrir mörgum árum og á sér nokkra sögu?**

Já, ég átti leið um bakkann við Selsvör og rak þá augun í litla fallega víðigreina sem lá þar. Greininni var svo bara stungið niður í garðholuna okkar í Vesturbænum og þar var hún fáum árum síðar orðin að tveimur gerðarlegum trjám. Í janúar 1987 ákváðum við svo að flytja trén hingað austur og af þeim hefur verið alið upp mikið af skjólbeltum hér á svæðinu. Þannig getur lítil trjágrein orðið að stóru skjólbelti fyrir annan gróður, sem segir mikið um ræktunarmál.

**Þið hjónin hljótið að dvelja mikið á þessum sælureit?**

Já, mjög mikið það er helst í desember og janúar, sem við komum ekki. En það breytist núna því að við erum að láta leggja hitaveitu í húsið og þá verður hægt að nýta það betur allt árið.

Við erum mikið bara tvö, fjölskyldan er ekki stór en stundum koma gestir, bæði menn og dýr. Við erum í góðu sambandi við blessuð dýrin. Fóðrum mýsnar og þrestina og svo hefur hrafnninn hans Atla Gíslasonar alltaf hafst hér við í seli þó hann sé vel fóðraður hjá réttvísinni, en í vor hefur svartbakur gert sig heimakominn og gætt sér á matnum sem ég ætlaði hrafninum, segir Hjálmsfríður og lítur út um gluggann, greinilega með hugann við krumma. Ég stand upp, þakka fyrir veitingarnar og spjallið og held svo heim á leið, eftir rauða dreglinum, upp á þjóðveg og sem leið liggur í bæinn.



Halldór skoðar hvernig gróður kemur undan vetri

...svo hefur hrafnninn hans Atla Gíslasonar alltaf hafst hér við í seli þó hann sé vel fóðraður hjá réttvísinni...







# Aðrar þjóðir öfunda okkur af traustu lífeyrissjóðakerfi

- Lífeyrissjóðirnir greiða sjóðfélögum ellilífeyri ævilangt og eru auk þess ódýrasta tryggingin til að mæta óvæntum áföllum, svo sem orkutapi eða andláti.
- Lífeyrissjóðirnir byggja á sjóðsöfnun, sem kemur í veg fyrir aukna skattbyrði almennings í framtíðinni.
- Lífeyrissjóðirnir starfa samkvæmt lögum sem tryggja öllu starfandi fólki aðild þannig að enginn verður afskiptur.
- Lífeyrissjóðirnir byggja á aðhaldssamri fjárfestingarstefnu sem stenst fyllilega samanburð við önnur lönd.

**Traust lífeyrissjóðakerfi til framtíðar  
tryggir þinn hag!**



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

## Líflegir morgunverðarfundir með erlendum starfsmönnum og ungu fólki



Það var áhugavert að fá erlenda félagsmenn á sérfund hjá Eflingu

Efling gekkst í síðasta mánuði fyrir sérstökum fundum með erlendum starfsmönnum og ungu fólki í félaginu. Fólkið var valið af handahófi af félagsskrá en markmiðið var að kynnst viðhorfum þess um leið og forsvarsmenn félags-

ins fjölluðu um helstu atriði í starfsemi Eflingar. Blaðamaður Eflingarblaðsins mætti á þessa fundi og ræddi við fjóra félagsmenn um reynslu þeirra af fundunum.



Kolbrún Rakel Helgadóttir

## Mjög þarft framtak hjá félaginu

- segir Kolbrún Rakel Helgadóttir hjá Olís

Kolbrún Rakel Helgadóttir, er dagmaður á Olís stöð í Garðabæ. Hún segir að starf sitt sé mjög fjölbreytt. Ég dæli bensíni á bíla, tek á móti vörum, þríf og afgreiði og leysi verslunarstjórnann af þegar á þarf að halda. Mér finnst þetta framlag félagsins mjög þarft. Það hefur

vantað fræðslu fyrir okkur og líka að unga fólkið í félaginu leiti sér upplýsinga um hvaða rétt það á samkvæmt kjarasamningi. Félagsaðildin snýst ekki bara um að greiða félagsgjaldið. Það fylgja henni ýmis réttindi og skyldur sem nauðsynlegt er að kynna sér vel.

Einmitt svona fundur getur verið upphafið að meira upplýsingaflæði til ungs fólks á vinnustöðum. Eldra fólkið barðist fyrir þessum réttindum og þekkir þau þess vegna vel. En við sem erum yngri höfum sjaldan þurft að berjast og vitum þess vegna minna um þessi mál. Ég taldi mig vita sæmilega mikið um mín réttindi, en það má greinilega bæta við sig meiri fróðleik, hvað það varðar. Mér gafst tækifæri á að koma nokkrum hugmyndum á framfæri m.a. til að auka þátttöku ungs fólks í starfi félagsins. Hugmyndum eins og hvort að stofnun sérstakrar deildar innan félagsins gæti haft einhver áhrif þar á. Um þetta urðu nokkrar umræður en sjálf hallast ég frekar að því að betra væri að flétta saman áhuga unga fólksins og þekkingu og lífsreynslu þeirra eldri í félagsstarfinu. Þannig er þessu háttað í dag. En því miður, sýnir ungt fólk þessum málum lítinn áhuga. Það hlýtur að vera eitt af stóru verkefnum hjá stjórn félagsins að finna leiðir til að vekja áhuga hjá þessum stóra hópi félagsmanna og styrkja um leið innra starf félagsins til framtíðar, sagði Kolbrún að lokum.



## Veit miklu meira um starf félagsins

- segir Jose Rivera

Jose Rivera, fluttist hingað frá Spáni árið 1978 og hefur unnið hjá Kassagerð Reykjavíkur allar götur síðan. Hann sagði að fundurinn hefði verið ágætur. Núna veit ég miklu meira um starfið sem unnið er í svona félagi og réttindi og skyldur sem fylgja því að vera í stéttarfélagi. Það mætti halda fleiri svona fundi til að gefa öðrum félagsmönnum af erlendum uppruna tækifæri til að fræðast um þessi mál, sagði Jose ennfremur.

Penka Koylasova

## Hef góða reynslu af Eflingu

Penka Koylasova, vinnur í býtibúri á Hrafnistu. Hún sagði að aðstæður í Búlgaríu, heimalandi sínu, hefðu orðið til þess að hún kom hingað fyrir fjórum árum til að vinna.

Síðastliðið haust flutti sonur minn svo til mín og stundar núna nám í Háskólanum, segir hún. Penka lærði íslensku í Námsflokkanum og seinna í Endurmenntunarstofnun Háskólans og hef verið að hjálpa honum við námið.

Mér finnst mjög mikilvægt að hafa fengið tækifæri til að sitja þennan fund og hitta allt þetta skemmtilega fólk. Okkur var sagt það helsta um starfsemi félagsins og hvaða réttindi og skyldur við höfum. Síðan urðu umræður þar sem margt áhugavert og skemmtilegt kom fram m.a. um samskipti við ýmsa aðila. Ég hef góða reynslu af Eflingu og veit að það er tekið vel á móti þeim sem þurfa á hjálp að halda, sagði Penka að lokum.

Friðþór Ingason

## Ná sambandi við ungu kynslóðina

Friðþór Ingason er trúnaðarmaður og vinnur við aðhlynningu í Sjálfsbjargarhúsinu.

Hann sagði að fundurinn hefði verið góður. Kynningin á starfi félagsins var fræðandi og umræðurnar skemmtilegar. Ég held að það sé nauðsynlegt að halda svona fundi stöku sinnum til að ná sambandi við sem flesta félaga af ungu kynslóðinni. Við höfum önnur sjónarmið en þeir eldri í mörgum málum, segir hann.



Jose Rivera, starfsmaður hjá Kassagerð Reykjavíkur



Penka Koylasova vinnur á Hrafnistu



Friðþór Ingason, starfsmaður í Sjálfsbjargarhúsinu



Kristján Finnsson og Sveinn Ingvason sviðsstjóri orlofsmála hjá Eflingu ræða málín

Húsin í Ölfusborgum endurnýjuð

# Sambærileg við gott hótél

- segir Kristján Finnsson, staðarráðsmaður

Efling á tíu orlofshús í Ölfusborgum, en þar hafa að undanfögnu farið fram gagngerar endurbætur undir stjórn Kristjáns Finnssonar, staðarráðsmanns. Vinnu við síðasta húsið er nýlokið. Við spyrjum Kristján í hverju þessar endurbætur séu fólgnar.

Skipt var um neðri hluta eldhúsinnréttingar og hurðir á efri skápum. Skipt um eldavélar, ískápa og örbylgjuofna þar sem þess þurfti og allar hitaveitulagnir frá inntaki endurnýjaðar. Þá var skipt um parket á gólfum og veggir málaðir í ljósum lit. Síðan voru lagðar flísar við innganginn út á veröndina til að hlífa parketinu, þegar fólk kemur inn eftir að hafa baðað sig í heita pottinum.

Einnig voru baðherbergin endurnýjuð í öllum húsunum og húsgögn eftir þörfum. Ég vil meina að aðstaðan hér sé orðin eins og hún getur best orðið og alveg sambærileg við gott hótél. Nokkur hús hafa verið í útleigu í vetur eftir að þeim var breytt og viðbrögð frá fólki hafa verið mjög góð, þannig að við bíðum spennt eftir að sumarvertíðin hefjist, sagði Kristján að lokum.




Húsin lita mjög vel út eftir breytinguna

## Fróðleiksmolar

Er orlof innifalið í launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið með launum.





# Framsýni borgar sig

**Séreignarsjóðir Framsýnar þola samanburð.  
Þeir skiluðu 11.5% og 9.4% ávöxtun á síðasta ári.**

Nýttu þér framlag vinnuveitanda og ríkisins. Byggðu upp lífeyrissjóð sem:  
er fjármagnstekju- og eignarskattsfrið • skerðir hvorki barna- né vaxtabætur  
er varinn gegn fjárnámi og gjaldþroti • er þinn eigin sjóður og erfist við andlát.

Tryggðu þér meira ráðstöfunarfé  
á eftirlaunaárunum og byrjaðu strax að spara.



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Skrifstofa sjóðsins er að Sætúni 1, sími: 515 4700, fax: 515 4701, heimasíða: [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is), netfang: [mottaka@framsyn.is](mailto:mottaka@framsyn.is).  
Afgreiðslutími er 8.30 – 16.30. Yfir sumarmánuðina er afgreiðslutími kl. 8 – 16.



## UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirritaður/áður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlíð umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem rættihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

|         |           |
|---------|-----------|
| Nafn    | Kennitala |
| Heimili | Póstnúmer |

Ég undirritaður/áður skuldbind mig til að \_\_\_\_\_ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignareikning minn hjá sjóðnum.

lögjald sem nemur að hámarki 4% af lögjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér \_\_\_\_\_ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

|         |           |
|---------|-----------|
| Nafn    | Kennitala |
| Heimili | Póstnúmer |

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**  
Skuldabréf 65%  
Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**  
Skuldabréf 80%  
Hlutabréf 20%

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest þósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.





Myndskreyting: Þorfinnur Sigurgeirsson

# Þetta kemur mér ekki við!

## Ó, jú þetta kemur þér heilmikið við!

Þegar við ræðum við yngsta fólkið á vinnu- markaði um efri æviárin, starfslok og lífeyrismál er algengt að heyra setningar eins og „þetta kemur mér ekki við, það er svo langt þangað til að ég verð gamall/gömul“ eða „er ekki nóg að spá í þetta þegar ég hætti að vinna?“

### Málið er að þetta kemur okkur öllum við!

Viljum við ekki eiga möguleika á að hætta að vinna fyrr?

Viljum við ekki geta notið lífsins þegar við hættum að vinna?

Það er mikilvægt að búa í haginn þannig að við getum notið þessara ára en grunnatriðið er að hefja sparnað snemma á lífsleiðinni. Þá er gott að hafa hugfast að margt smátt gerir eitt stórt. Það er hægt að byrja með smáar upphæðir og jafnvel hækka þær síðar á starfsævinni þegar fjárhagurinn vænkast.

### Mótframlögin eru peningar sem við eigum rétt á!

Vilt þú ekki eignast þá?

Þú ættir að gera samning um viðbótarlífeyrissparnað!

Margir eru um þessar mundir að stíga sín fyrstu skref út á vinnumarkaðinn og byrja um leið að leggja grunninn að þeim lífeyri sem þeir koma til með að eiga þegar starfsævi lýkur. Ungt fólk þarf að kynna sér hvað viðbótarlífeyrissparnaður felur í sér.

Viðbótarlífeyrissparnaður er hagstæðasta sparnaðarformið!

Sparnaðurinn hefur ekki áhrif á námslánin!

Meðan þú ert í námi, vinna peningarnir fyrir þig!

### Kynntu þér málið – byrjaðu strax – ekki missa af þessari kjarabót!

Á heimasíðu Framsýnar [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is) getur þú kynnt þér málið eða haft samband við okkur í síma 515-4700 og við veitum þér frekari upplýsingar.

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)

# Hvernig skiptast ellilífeyrisréttindi?

Viðhorfsbreyting í Hæstarétti  
- segir Láru V. Júlíusdóttir





Hvernig skiptist lífeyriseign þegar karlmaður hefur verið á vinnumarkaði alla tíð en konan verið heima jafnvel um fjölda ára skeið til að sinna heimilisstörfum og barnauppleði. Á þeim tíma geta orðið til milljónaeyrnir í lífeyrissjóði, sem eru á nafni karlmannsins en enginn lífeyrissjóður safnast upp á konuna þó að hún hafi lagt mikla vinnu til uppbyggingar heimili og fjölskyldu á sama tíma. Við skilnað verða spurningar í þessu efni áleitnar og mál geta endað fyrir dómstólum. Hingað til hefur Hæstiréttur dæmt hinum útivinnandi karli í hag í slíkum málum en nú eru veður að skipast í lofti. Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður Eflingar hefur kynnt sér þetta mál sérstaklega að undanförunu og fjallar hér fyrst um lagalega stöðu fólks varðandi lífeyriseignir við skilnað.

Í hjúskaparlögum er kveðið á um að lífeyrisréttindi skuli vera utan skipta við skilnað nema það teljist ósanngjarnt. Segir í 102. gr. laganna að maki geti krafist þess að réttindi í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum komi ekki undir skiptin hvort sem um er að ræða hjúskapareign hans sjálfs eða hins hjónanna. Þyki ósanngjarnt gagnvart hinum maknum að þessum verðmætum sé haldið utan skipta þá er heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum. Þegar hjón skilja getur því annar makinn tekið sinn óskipta lífeyrisrétt við fjárskiptin á meðan hinn makinn fær ekki neitt.

Hafa ber í huga að lífeyrissjóðirnir greiða auk ellilífeyris bætur til öryrkja, til barna og til maka undir vissum kringumstæðum.

## Viðhorfsbreyting

Á undanförunum árum hafa nokkur mál af þessu tagi farið fyrir Hæstarétt. Þar hafa eiginkonur gert kröfu á hendur fyrrum eiginmönnum sínum um að fá fjárgreiðslur til að bæta upp þessa misskiptingu. Hæstiréttur hefur allt fram á síðustu ár hafnað öllum slíkum kröfum af hálfu eiginkvenna með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að ósanngjarnt væri að halda lífeyrisverðmætunum utan skipta. Árið 2002 varð stefnubreyting í Hæstarétti. Í tveimur málum sem dæmd voru það ár var fallist á kröfu konu um að hún skyldi fá hlutdeild í lífeyrisréttindum, þegar þannig stóð á að maðurinn hafði aflað mikilla tekna og mikilla lífeyrissjóðsréttinda, en konan verið heimavinnandi að mestu.

## Samið um skiptingu

Þótt mögulegt sé að fá þennan rétt viðurkenndan fyrir dómi geta hjón samið um skiptingu þessara réttinda með friðsömum hætti. Með nýjum lögum um lífeyrissjóði frá 1997 er heimilt að skipta ellilífeyri milli hjóna. Heimildin nær líka til skiptingar ellilífeyrisréttinda fólks sem er í sambúð og staðfestri samvist.

Skipting ellilífeyrisréttinda skal fela í sér gagnkvæma skiptingu sem skal vera jöfn, þ.e.a.s. hvor maki skal veita hinum sama hlutfall réttinda sinna. Þess vegna þurfa báðir aðilar að skipta ellilífeyrisréttindum sínum. Heimilt er að skipta allt að helmingi ellilífeyrisréttindanna með þessum hætti. Skiptingin skal aðeins taka til áunninna réttinda meðan hjúskapur eða sambúð hefur staðið.

# Hvernig er hægt að skipta lífeyrisréttindum?

## Hægt er að skipta ellilífeyrisréttindum með eftirfarandi hætti

1. Að ellilífeyrisgreiðslunar sjálfar skiptist í umsömdu hlutfalli milli aðilanna þegar að þeim kemur.
2. Hægt er að skipta þegar áunnum ellilífeyrisréttindum.
3. Hægt er að skipta þeim ellilífeyrisréttindum sem eftir er að ávinna sér milli aðila.

Sé fyrsta leiðin farin skal skipting vera gagnkvæm og jöfn. Við fráfall sjóðfélaga falla greiðslur til maka niður. Við fráfall maka fær sjóðfélaginn hins vegar greiddan allan ellilífeyrinn á ný.

Sé önnur leiðin farin, þarf hún að eiga sér stað að minnsta kosti sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist. Aðeins má skipta þeim réttindum sem áunnust meðan á hjúskap eða sambúð stóð. Við skilnað geta aðilar gert samkomulag um skiptingu ellilífeyrisréttinda með þessum hætti og er þannig hægt að koma í veg fyrir ágreining aðila um þessi verðmæti, sem oft á tíðum eru stærstu verðmæti hjónanna. Vert er því að benda á þennan möguleika í tengslum við skilnað.

Ef þriðja leiðin er farin gildir hún um ellilífeyrisréttindi sem ávinnast í framtíðinni og þar til hjúskap eða sambúð lýkur.

Landssamtök lífeyrissjóða sjá um gerð samninga um skiptingu ellilífeyrisréttinda með þessum hætti og getur fólk snúið sér beint til samtakanna. Skrifstofan er að Sætúni 1, 105 Reykjavík.

Starfsmannaskipti til Portúgal

# Skemmtileg og fræðandi ferð

- segir María Beatriz Fernandes



Beatriz ásamt Antonio, eiganda þvottahússins sem hún heimsótti í Lissabon og eiginkonu hans

**Starfsmannaskiptiferðir Eflingar sem tengist Leonardóverkefninu, hafa fengið mjög góðar undirtektir hjá íslenskum fyrirtækjum. Þegar hafa nokkrir starfsmannahópar heimsótt samstarfsmenn sína sína í fyrirtækjum erlendis. María Beatriz Fernandes, sem vinnur í Þvottahúsinu Fönn í Skeifunni og Carlos Emilio, sem ekur bíl hjá Þvottahúsinu Grýtu fóru í slíka ferð til Portúgals fyrir skömmu.**

Pau heimsóttu þvottahús í Lissabon og Algarve og átti ferðin að standa yfir í viku. Beatriz flaug til Lissabon þann 14. apríl og eyddi fyrstu dögnum og helginni með fjöldskyldu sinni sem þar býr og dvaldi hún hjá þeim meðan á ferðinni stóð. Á mánudeginum, 21. apríl tók svo alvaran við.

Beatriz segir svo frá. Ég fór snemma á fætur og eftir að hafa snætt morgunverð, lá leiðin í lítið þvottahús þar sem ég ætlaði að eyða næstu dögum og fræðast af löndum mínum. Eigandinn Antonio, tók á móti mér og kynnti mig fyrir fimm brosandí konum sem störfuðu við þvottahúsið.

Fyrsta daginn fylgdist ég bara með og spjallaði við fólkið. Ég tók eftir því að handbragðið við þvottinn hjá konunum var ekki alveg það sama og hjá okkur í Fönn. Í staðinn fyrir að ég lærði af þeim, eins og ég hafði gert ráð fyrir, fór ég strax á öðrum degi að kenna réttu handtökin við að brjóta saman dúka og fleira. Þær tóku því mjög vel og voru mjög ánægðar þegar það kom í ljós að okkar aðferð var bæði, miklu léttari og þægilegri en þeirra.



Carlos Emilio og María Beatriz Fernandes

Næstu dagar voru mjög svipaðir og venjulegir vinnudagar hér heima. Starfsfólkið mætti til vinnu klukkan 09.00 á morgnana og vann til klukkan 17.00 með matar og kaffihléum, líka á laugardögum.

Þessi ferð var mjög skemmtileg og fræðandi á margan hátt og ég tel að þetta framtak geti aukið viðsýni fólks, sem síðan skilar sér inn í fyrirtækin. Ég vil sérstaklega þakka Ara Guðmundssyni, framkvæmdastjóra hjá Fönn, fyrir að hafa kvatt mig til að fara í þessa ferð, sagði Beatriz að lokum.



Carlos Emilio:

# Gat kennt þeim betri aðferðir



Carlos Emilio

Carlos fór til ferðamannastaðarins Algarve þar sem fjöldskylda hans býr. Ég lagði af stað frá Keflavíkurflugvelli, að morgni föstudagsins 11. apríl og flaug beint til Algarve. Eftir að vélin var lent fór ég beint heim til mömmu, því að ég ætlaði að búa hjá henni meðan að ferðin stæði yfir.

Um kvöldið fórum við út að borða og drukkum smá rauðvín með. Helginni eyddum við svo saman í rólegheitum. Klukka 08.00 á mánudagsmorgni mætti ég á Hótel Pariso, sem margir Íslendingar kannast við, til að eyða næstu dögum í þvottahúsinu. Fimm starfsmenn sjá um að þvo allan þvott, sem kom frá 700 herbergjum á hótelinu.

Stór og stæðileg kona sá um að setja þvottinn í sjö vélar. Tvær rúllur voru notaðar til að slétta rúmföt, dúka o.fl. og unnu þrjár konur við þá vél. Ég hjálpaði til við hverja vél og lærði öll störf, sem unnin voru í þvottahúsinu. Þannig liðu dagarnir. Í einum matartímanum, þegar við vorum að tala saman, sögðu konurnar mér að hitinn í þvottahúsinu, gæti orðið mjög mikill þegar að hann færi upp í 35 gráður eða meira úti, því að það væri engin loftræsting í þvottahúsinu. Annars var vinnustaðurinn til fyrirmyndar, vel þrífinn og skipulag gott. Starfsemin var með svipuðu sniði og hjá okkur í Grýtu/Fönn þannig að ég kom ekki heim með neinar tækninýjungar. Aftur á móti gat ég kennt þeim í Portúgal betri aðferðir við vinnu sína, sem við notum hér heima, sagði Carlos og brosti glaðlega.

## Höfrunga- & hvalaskoðun Keflavík

Daglegar brottfarir frá höfninni í Keflavík.  
Sjóstangaveiði.  
Kvöldferðir.  
Veisluferðir.  
Skipuleggjum hóptferðir um Reykjanes með leiðsögn.

Upplýsingar í síma  
421 7777  
Gestnúmer 800 8777  
Fax. 421 3361  
GSM 896 5598

Höfrunga- & hvalaskoðun Keflavík


www.dolphin.is • e-mail: moby.dick@dolphin.is



*Ljótt dæmi úr atvinnulífinu*

# Skólafólk!

## Víti til varnaðar





# Foreldrar verða að fylgjast með unglingum sínum í vinnu

Starfsfólk Eflingar fær nokkur mál til umfjöllunar í hverjum mánuði þar sem fram koma alvarleg brot varðandi launamál unglinga. Einnig koma fyrir eineltismál á vinnustöðum. Eitt slíkt mál barst inná skrifstofu félagsins nýlega og fjallar um ungan pilt sem vann hjá ónefndu fyrirtæki síðastliðinn vetur með skólanámi. Við gefum aðstandendum pilsins orðið.

Sonur okkar fór að vinna í hlutastarfi hjá ónefndu fyrirtæki fyrir nokkrum mánuðum. Hann mætti til vinnu á þeim tímum sem fyrir hann var lagt. Unnið var mest á kvöldin og um helgar og vann hann störf sín af samviskusemi. En fljótlega kom í ljós að eitthvað var bogið við framkomu rekstraraðilans.

## Enginn ráðningarsamningur

Ekki var minnst á ráðningarsamning og þegar hann fékk launin greidd í fyrsta sinn fylgdi enginn launaseðill með. Þetta fannst drengnum ekki nógu gott og hélt á fund yfirmanns síns, sem var sami maður og hafði séð um ráðningu hans og spurði um ástæðu þess að svona væri staðið að málum. Svörin sem hann fékk voru bæði loðin og illskiljanleg og leiddu ekki til neins. Sama var uppi á teningnum þegar við foreldrarnir fórum að blanda okkur í málið. Þrátt fyrir að við reyndum að beita þrýstingi var aldrei gerður við hann neinn samningur og aldrei fékk hann launaseðil með launagreiðslum þann tíma sem hann vann þarna.

Þegar við fórum að þrýsta á að yfirmaður lagfærði þessi mál breyttist framkoma hans og annarra starfsmanna gagnvart syni okkar. Hann var skammaður í tíma og ótíma, meira að segja fyrir það sem samstarfsmenn hans gerðu að honum fjarstöddum. Við fullyrðum að um einelti hafi verið að ræða, enda leið drengnum oft mjög illa á þessum tíma. Snemma í vor þegar skólum var að ljúka fór að bera á því að yfirmaðurinn hafði hug á því að koma skjólstaðingi sínum í starf sonar okkar. Það lýsti sér þannig, að hann kom reglulega við hjá drengnum þar sem hann var að vinna og lét endalausar

skammir dynja á honum. Hann fékk aldrei hrós. Þá vissum við að hverju stefndi eins og síðar kom á daginn þegar drengurinn var rekinn úr starfi án skýringa og gert að koma sér í burtu af staðnum strax, sem og hann gerði. Enda hafði hann engan samning til að styðjast við.

## Gert að greiða skatta sem verktaki

Staðan í þessu máli núna er þannig að umrætt fyrirtæki gaf út launamiða þar sem fram kemur að sonur okkar hafi verið verktaki. Þess vegna þarf hann að greiða staðgreiðsluskatta og vörsluskatt eftir á ofan á allt annað sem á undan er gengið. Hann er að sjálfsögðu ekki verktaki, heldur launamaður. Þá greiddi fyrirtækið ekki lögmæt iðgjöld, félagsgjald eða lífeyrisgjöld.

Eftir að hafa hlustað á þessa frásögn, sem lýsir fyrstu reynslu unglings sem launamanns á íslenskum vinnumarkaði, hlýtur manni að vera brugðið.

## Stendur atvinnurekendum á sama?

Það er hreint ótrúlegt, að svona framferði gagnvart unglingum geti átt sér stað á okkar litla vinnumarkaði. Því miður er þessi frásögn ekkert einsdæmi. Maður hlýtur þessvegna að beina þeirri spurningu til eigenda fyrirtækja af þessu tagi, hvort þeim standi á sama um slíkt háttarlag eins og hér hefur verið greint frá, af hálfu starfsmanna sem þeir treysta til að hafa mannaforráð. Ef svarið er nei, er þá ekki orðið tímabært fyrir okkur öll að taka á þessum málum af festu. Í flestum fjöldskyldum er ungt fólk sem er að vaxa úr grasi og okkur ber skylda til að koma í veg fyrir þá vanvirðu sem hér hefur verið lýst.

Eins er mikilvægt að benda foreldrum á að fylgjast vel með því að ekki sé níðst með þessum hætti á börnum þeirra og unglingum.

Mál umrædds drengs er nú til umfjöllunar hjá Eflingu.

Fyrirtækinu hefur verið send launakrafa sem því gefst kostur á að svara. Að öðrum kosti fer málið til lögmanna Eflingar.

„...breyttist framkoma hans og annarra starfsmanna gagnvart syni okkar. Hann var skammaður í tíma og ótíma, meira að segja fyrir það sem samstarfsmenn hans gerðu að honum fjarstöddum. Við fullyrðum að um einelti hafi verið að ræða, enda leið drengnum oft mjög illa á þessum tíma.“



Dagsferð

# Spennandi dagsferð í haust

## Þjórsá, hellar og humarsúpa í Fjöruborðinu

Það er alltaf eitthvað til að hlakka til. Dagsferð Eflingar-stéttarfélags verður spennandi og nýstárleg. Það eru sveitir og fjöll suðurlands sem heilla þetta árið. Farið verður upp með Þjórsá vestanmegin og inn að Gjánni niður með Þjórsá að Hekluasetrinu í Landsveit og um Gíslholtsveg að Lónstæði í Þjórsá.

Að Hellum í Landssveit eru ævagamliir manngerðir hellar sem ferðalöngum gefst kostur á að skoða. Ekið er niður í Pykkvabæ þar sem vonandi verða gómsætar kartöflur í boði.

Til stendur að virkja neðra svæði Þjórsár og því er við hæfi að við skoðum Urriðafoss sem hugsanlega hverfur á næstu árum.

Þaðan er haldið á Stokkseyri þar sem boðið verður uppá humarsúpu að hætti hússins í



Séð yfir fjöruna við Stokkseyri

Fjöruborðinu. Dagsetningar verða 30. ágúst og 6. september ef þátttaka verður mikil.

**Verð kr.2.500.-**  
**Innritun hófst 2. júní**

## Námskeið Vinnueftirlitsins

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

|                                                                                  |                                                                                                                                                                                                                              |
|----------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fyrir öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði, trúnaðarmenn o.fl. — 2 eða 3 dagar.     | Stjórn byggingakrana<br>– Réttindanámskeið — 3 dagar.                                                                                                                                                                        |
| Fyrir verkstjóra, deildarstjóra og aðra stjórnendur — 2 eða 3 dagar.             | Námskeið um meðferð sprengiefna<br>– Réttindanámskeið — 5 dagar.                                                                                                                                                             |
| Sérnámskeið að ósk þátttakenda — 1/2 eða 1 dagur.                                | Um flutning á hættulegum farmi - Grunnnámskeið<br>– Réttindanámskeið fyrir bílstjóra — 3 dagar.                                                                                                                              |
| Vinnustaðafundir eða fyrirlestrar — 1-2 klst.                                    | Viðbótarnámskeið við grunnnámskeið um flutning á hættulegum farmi - Réttindanámskeið:<br>- Um flutning í tönkum — 2 dagar.<br>- Um flutning á sprengifimum farmi — 1 dagur.<br>- Um flutning á geislavirkum farmi — 1 dagur. |
| Um stjórn og meðferð lyftara og minni vinnuvéla<br>– Réttindanámskeið — 2 dagar. |                                                                                                                                                                                                                              |

**Leitið nánari upplýsinga um námskeiðin hjá Vinnueftirlitinu, á heimasíðunni eða í síma 550 4600.**



**VINNUEFTIRLIT**

Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík  
Sími 550 4600 – Fax 550 4610  
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlit.is



# Okkur er annað um þinn hlut

Samskip eru öflugt alþjóðlegt fyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu, auk umboða og samstarfs við fjölda flutningafyrirtækja um heim allan. Reynsla, þekking og samhæft upplýsingakerfi auðveldar okkur að veita viðskiptavinum persónulegri, skilvirkari og öruggari þjónustu.

Hvort sem flytja þarf mikið magn eða einn hlut, er okkur annað um að hver viðskiptavinur njóti þess besta sem völ er á.

**SAMSKIP**  
– yfir lönd, yfir höf





# Háskaleikur?





# Fylgist vel með börnunum ykkar í sumar!

Nemendur í Hólabrekkuskóla, fjölmenntu við lítinn foss í gömlu Elliðaánum, einn góðviðrisdag fyrir skömmu, áður en skólanum var slitið. Það var svoóóóóóóó gott að kæla sig niður eftir prófin og láta kalt vatnið hreinsa út vetrardrúgun. Hvað er betra en njóta góða veðursins í skemmtilegum leik?

En stundum geta leikir verið hættulegir. Ljósmyndarinn okkar var á ferðinni niður Breiðholtsbrautina, þegar hann rak augun í krakkanna, þar sem þau voru að stökkva fram af fossinum, í grunnan hyl fyrir neðan. Þessar myndir voru teknar við það tækifæri. Og nú getur hver og einn dæmt fyrir sig, hvort þetta var ekki háskaleikur.

Kannski minnir þetta okkur á að fylgjast vel með krökkunum okkar í sumar við ár og vötn og þar sem hætta stafar af bílaumferð eða hættulegum tækjum. Slysina gera ekki boð á undan sér og börnin eru okkur dýrmætust af öllu. Ekkert getur bætt alvarlegt slys sem verður vegna aðgæsluleysis eða tómlætis af hálfu þeirra sem fylgjast eiga með börnunum.

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)



## Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast  
gerið skil hið fyrsta og forðist  
vexti og kostnað.



**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • [www.medlag.is](http://www.medlag.is)  
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

## Skólastrákar í Nauthólsvík bregða sér í baðið



Skólapiltar úr Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi njóta góða veðursins í Nauthólsvík eftir erfiðan dag í skólanum




**VINNUMIÐLUN  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850  
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svni.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og  
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa  
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,  
Bessastaðahreppi, Garðabæ,  
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

**Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30**  
**Einnig eru veittar upplýsingar í síma.**

Það er ekkert sem mælir á móti því að bregða sér í bað í Nauthólsvíkinni á björtum góðviðrisdegi. Það gerðu þessir skólabræður úr Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi, eftir að skóladegi lauk fyrir nokkru. Þeim fannst vatnið vera nokkuð kalt, en það er bara betra, sögðu þeir, því að þá verðum við miklu hressari þegar við förum heim.







Fræðslunefnd Eflingar f.v. Oliver Þórisson, Anna María Clausen, Þuríður Ingimundardóttir, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Garðar Vilhjálmsson, Ragnar Ólason og Stefán Egilsson

## Spennandi verkefni bíða nýrrar fræðslu- nefndar Eflingar

Ný fræðslunefnd Eflingar tók til starfa eftir síðasta aðalfund félagsins. Nefndarinnar bíða mörg spennandi verkefni en fræðslumál eru sívaxandi þáttur í starfi félagsins. Helstu verkefni nefndarinnar eru annarsvegar að standa að félagslegri fræðslu fyrir trúnaðarmenn og almenna félagsmenn en hinsvegar að vera vettvangur innan félagsins til stefnumótunar í starfsmenntamálum sem síðan er hrint í framkvæmd af starfsmenntasjóðum sem Efling stendur að með atvinnurekendum.

Meðfylgjandi mynd var tekinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

**Fróðleiksmolar**

**Uppsagnarfrestur**

Við uppsögn úr starfi er mikilvægt að kanna hver uppsagnarfrestur er

**Hefur þú ábuga á að vinna  
ERLENDIS?**

Hjá EES-vinnumiðlun getur þú fengið upplýsingar um störf í boði á Evrópska efnahagssvæðinu sem og upplýsingar um atvinnu- og lífsskilyrði í löndunum.

*Þjónustan er atvinnuleitendum að kostnaðarlausu,  
að sjálfsögðu!*

**EURES**

**EES VINNUMIDLUN**

Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði  
eures@svm.is  
www.vinnumalastofnun.is ► EES-Vinnumiðlun

# Gríðarlegir möguleikar í menntamálum

- segir Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, nýr framkvæmdastjóri FA



Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem sett var á stofn um síðustu áramót hefur ráðið Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur í starf framkvæmdastjóra. Ingibjörg er mörgum Eflingarfélögum vel kunn en hún hefur starfað að fræðslumálum verkalýðshreyfingarinnar í á annan áratug, nú síðast sem framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar en áður sem starfsmaður og síðan framkvæmdarstjóri Menningar- og fræðslusambands alþýðu.

Aðspurð sagði Ingibjörg að hið nýja starf legðist vel í sig enda margir möguleikar að vinna úr í tengslum við starfsmenntun þeirra sem hafa minnsta menntun fyrir. Fræðslumiðstöðinni er einnig ætlað að vera með náms- og

starfsráðgjöf sem er spennandi verkefni en Efling-stéttarfélag reið einmitt á vaðið með námsráðgjöf úti á vinnustöðum sem er mjög spennandi verkefni, sagði Ingibjörg. Fræðslumiðstöðinni er einnig ætlað að koma á samstarfi atvinnulífsins og ýmissa fræðslustofnana í því augnamiði að gera launafólk hæfara í að takast á við breytt starfsumhverfi og stöðuga þróun.

Efling-stéttarfélag mun án efa nýta sér þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar mikið á komandi misserum og óskum við Ingibjörgu til hamingju með nýja starfið.

Vinnustaðafundur í Sjálfsbjörg

## Félagsmenn skoða réttindamál

Mjög gagnlegur vinnustaðafundur var haldin á vinnustaðnum Sjálfsbjörg þar sem flestir starfsmanna eru að vinna við umönnunarstörf og í eldhúsi.

Okkar ágæti trúnaðarmaður Friðþór Ingvarson óskaði eftir vinnustaðaheimsókn frá félaginu og mættu Sigurlaug Gröndal og Þórunn Sveinbjörnsdóttir til að veita félagsmönnum upplýsingar og fara yfir ýmis réttindamál eins og starfsmenntasjóð og sjúkrasjóð félagsins.

Mikið var um fyrirspurnir og urðu lífflegar umræður. Mikið var rætt um hvíldartímaákvæði og frítökurétt og mun félagið vinna áfram með trúnaðarmanni við að kanna þau mál betur. Þetta var dæmi um mjög góðan vinnustaðafund.

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)



# Vilt þú námsráðgjafa á þinn vinnustað?

Félagsmenn Eflingar á nokkrum vinnustöðum hafa á síðustu mánuðum fengið námsráðgjafa frá Eflingu til að kynna ýmsa kosti sem þeim bjóðast í námi og hefur þetta mælst vel fyrir á vinnustöðum. Í haust verður framhald á þessu starfi Eflingar þar sem styrkur hefur fengist til verkefnisins úr starfsmenntaráði Félagsmálaráðuneytisins.

Efling-stéttarfélag sem unnið hefur að þessu verkefni í samstarfi við Mímir-símenntun fékk á dögunum 1,5 milljón króna styrk úr Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins vegna námsráðgjafa. Styrkurinn verður nýttur til að þróa áfram leiðir og aðferðir við þá námsráðgjöf úti á vinnustöðum sem félagið hóf á síðasta vetri.

Væntanlega verður ráðinn starfsmaður í samvinnu Eflingar og Mímis sem mun sérhæfa sig til þessa verkefnis og vonumst við til þess að geta í haust og næsta vetur heimsótt nokkra tugi fyrirtækja og rætt við Eflingarféлага um mögulegt nám og leiðir til að auka þekkingu og hæfni í starfi.

Peir félagsmenn sem vilja fá námsráðgjafa Eflingar í heimsókn geta haft samband við



Frá námsráðgjöf á vegum Eflingar

skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða sent tölvupóst á netfangið [gardar@efling.is](mailto:gardar@efling.is) og óskað nánari upplýsinga.



## Aldrei of seint

**Það er aldrei of seint að bæta menntun sína!**

Hjá okkur getur þú hafið nám á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi eftir þínum persónulegu þörfum. Þú getur tekið eitt fag eða fleiri og hagað námshraða samkvæmt því.

**ATH:** Félagsliðanám er ný stutt námsbraut, sem er ætluð fólki við umönnunarstörf.

**Einnig er fjölbreytt frímundanáms í boði:** Tungumál - bóklegar greinar - verklegar greinar - listgreinar

**Íslenska fyrir útlendinga:** Byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið

**Kennslustöðir:** Miðbæjarskólinn, Fríðkirkjuvegi 1 og mjódd, Þönglabakka 4.

**Upplýsingar í síma 551 2992, Fax: 562 9408 Netfang: [nfr@namsflokkar.is](mailto:nfr@namsflokkar.is) [www.namsflokkar.is](http://www.namsflokkar.is)**



Fundurinn var vel sóttur

Vinnustaðafundur á Hrafnistu

## Gagnlegur vinnustaðafundur

### - Nýir trúnaðarmenn taka við

Þann 8. maí síðastliðinn var haldinn vinnustaðafundur á Hrafnistu í Reykjavík þar sem kosnir voru trúnaðarmenn fyrir Eflingarfélagi á vinnustaðnum. Einnig var rætt um launamál og samningagerð, þar sem fram komu viðhorf starfsmanna til launaþróunar félagsmanna Eflingar miðað við aðra starfshópa. Góð þátttaka var á fundinum og voru mörg mál rædd.

Kynntir voru þeir möguleikar sem fyrir hendi eru í starfsmenntun og hvernig starfsmenn geta sótt um í starfsmenntasjóðnum vegna menntunar og fleiri tækifæra. Farið var yfir starfsreglur sjóða Eflingar og dreift bæklingum um sjóðina. Kynnt voru ákvæði kjarasamnings og laga um trúnaðarmenn og síðan gengið til kosninga.

Kosið var fyrir starfsmenn í umönnun og í ræstingum en kosið verður síðar fyrir eldhús og borðstofu. Jón Pétursson var kosinn fyrir starfsmenn á deild E, F og G, Lára G. Óskarsdóttir var kosin fyrir starfsmenn á deild A3 og A4, Krístrún Ragnarsdóttir var kosin fyrir starfsmenn á vistdeildum og fyrir starfsmenn í ræstingum.



Þórunn Sveinbjörnsdóttir fer yfir fræðslumálin

Það er alltaf gagnlegt og nauðsynlegt að halda vinnustaðafundi og fara yfir málin. Kom fram hjá hópnum að þau telja að launaþróun þeirra hafi verulega dregist aftur úr öðrum sambærilegum hópum sem skapað hefur mikla óánægju. Rætt var um komandi samningagerð á haustmánuðum og hver yrði stefna félagsins.

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)





Fjölmenningarleg tónlist var flutt á útskriftinni

Vegleg útskriftarhátíð hjá fiskvinnslu Granda

## 108 Eflingarfélagar í fiskvinnslu útskrifast

**Tækninýjungar og flóknari framleiðsla gera meiri kröfur til fólksins segir Svavar Svavarsson framleiðslustjóri Granda**

Þann 1. maí s.l. útskrifuðust 108 Eflingarfélagar sem starfa hjá fiskvinnslu Granda úr námi sem var samvinnuverkefni Granda og fræðslusjóðs Eflingar, Starfsafls. Annarsvegar var um að ræða íslenskunám fyrir erlenda starfsmenn en hinsvegar sérstök námskeið í menningarfærni fyrir íslenska starfsmenn. Það var fræðslufyrirtækið Fjölmenning sem skipulagði og hafði umsjón með þessum námskeiðum.

Að sögn Svavars Svavarssonar framleiðslustjóra hafa tækninýjungar og vélvæðing alls framleiðsluferilsins umbreytt vinnslunni og hafa störfin því orðið mun flóknari en þau voru áður. Með þessu hefur starfsmönnum fækkað og með hlutfallslega færri fólki hefur þurft að gera auknar kröfur um færni og kunnáttu til hvers og eins starfsmanns. Þessar aðstæður auka enn frekar á mikilvægi skilvirkra tjáskipta



Útskriftarnemum og gestum var boðið upp á glæsilegt kaffihlað-borð.

og þess að notað sé sameiginlegt tungumál. Það kemur ekki annað til greina í því sambandi en íslenska því starfsmenn í Granda eru frá yfir 17 þjóðum, sagði Svavar.

Meðfylgjandi myndir voru teknar í hinni glæsilegu útskriftarveislu í Granda.



Láttu gæði og góða reynslu ráða vali þínu á ofnhitastillum

Danfoss ofnhitastillar fyrir þig

Danfoss er leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss hf

Bískupsgöti 6 · Sími 510 4100  
www.danfoss.is



# Ný námsbraut fyrir ræstingarfólk

Nú á vordögum fékk Efling tveggja milljón króna styrk frá Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins vegna þróunar á námsbraut í ræstingum. Verkefnið verður unnið í samstarfi við fræðsludeild Iðntæknistofnunnar og er ætlunin að koma á nokkurs konar einingakerfi þar sem hægt er að velja sér þá námsleið sem hentur mismunandi ræstingum. Þannig verður sett upp grunneining en síðan geta nemendur byggt ofan á sérsniðnari námseiningar t.d ræstingar í matvælaíðnaði eða ræstingar á spítólum.

Það eru fyrirtækin ISS-Ísland, Hreint og ræstingarsvið Landspítala Háskólasjúkrahúss sem eru samstarfsaðilar að verkefninu en gert er ráð fyrir að Starfsafl-fræðslusjóður Eflingar og atvinnurekenda muni kosta námskeiðin að lokinni þróunarvinnunni.

Stefnt er að því að fyrstu námskeiðin verði haldin í haust.







Sigurður Bessason og Íris Marelsdóttir innsigla gjöf Eflingar með þétu handarbandi

## Efling styðjur kaup á göngubretti á Reykjalundi

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags sem var haldinn 29. apríl s.l. samþykkti að styðja stoð-deild Reykjalundar með 881.000 kr. framlagi frá sjúkrasjóði félagsins til kaupa á stillanlegu göngubretti með palli.

Sjúkrabjálfunardeild Reykjalundar varð 40 ára 9. maí s.l. en margir félagsmenn Eflingar hafa þurft að sækja endurhæfingu til Reykjalundar. Deildin býr við skert fjármagn og þarf nauðsynlega á fleiri tækjum að halda. Fyrir tilstuðlan tveggja góðra trúnaðarmanna Eflingar til margra ára, þeirra Dórotheu Einarsdóttur og Þórunnar Elíasdóttur var þessi hugmynd um framlag reifuð við stjórn Eflingar og stjórn sjúkrasjóðs félagsins.

Með gjöf þessari er Efling-stéttarfélag að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að aukinni endurhæfingu þeirra fjölmörgu Eflingarfélaga og annarra sem á aðstoð Reykjalundar þurfa að halda.

### Fróðleiksmolar

Er trúnaðarmaður á  
þínum vinnustað?

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500  
Félagar fylgist með réttindum ykkar!!!!



**Parabakka 3 109 Reykjavík**

Kennsla til allra ökuréttinda.

Bífhjólapróf og  
almennt ökuþróf (B.réttindi).

**Einnig kennsla fyrir ensku  
og tailenskumælandi fólk !**

### Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópbífreid  
og vörubífreid með eftirvagn.

**Hægt að hefja nám alla miðvikudaga !**

Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

**Sími 567-0300**

E-mail okusk.mjodd@simnet.is

# Fjölmenni var í 1. maí göngunni



Hjónin Þórdís Torfadóttir og Hannes Ólafsson létu sig ekki vanta í 1. maí gönguna



Mikill fjöldi fólks kom og fékk sér kaffi og meðlæti hjá Eflingu eftir 1. maí gönguna

*gaman á* **róló**

Gæstuleikvællir  
Reykjavíkurborgar eru  
ætlaðir börnum til  
þroskavænlegra útileikja  
í öruggu umhverfi.  
**Þeir eru staðsettir við:**

- Arnarbakka
- Brekkuhús
- Fífusel
- Frostaskjól
- Fróðengi
- Hamravík
- Hlaðhamra
- Malarás
- Njálsgötu
- Rauðalæk
- Sæviðarsund
- Vesturberg

 Leikskólar  
Reykjavíkur [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

## Fróðleiksmolar

Frá 17. júlí 2002 er startgjald leigu-  
bíla kr. 400,- x 2,5. Starfsfólk á veit-  
ingahúsum sem fær greidda ferða-  
peninga fær í dag kr. 1000,-fyrir  
hverja ferð þegar áætlunarmagnar  
ganga ekki.



# Öryggi í sólinni í allt að 6 klukkutíma

**Sólarvörn sem ekki þarf að bera aftur á þegar búið er að vera í sjó eða sundlaug**

Mikil herferð hefur verið í gangi um skaðsemi sólar af UVA og UVB geislum og húðlæknar segja nauðsynlegt að nota sólvarnir og passa sértaklega húð barna og unglunga. Ozonlagið sem verndar jörðina fyrir UVA og UVB geislum er orðið þunnt yfir norðurhveli jarðar því er fyllsta ástæða til að passa okkur vel á sólinni hér heima ekki síður en á solarströndum.

Þar sem mörgu fólki finnst ekki brýn nauðsyn að nota sólvarnir í sólinni á Íslandi, má oft sjá meira af brenndu fólki eftir sólríka daga hér en á solarströndum erlendis.

Proderm Sólarvörn sem er skráð læknavara þolir allt að 6 klukkutíma sund, sjó, svita, sand, leik og handklæðapurrkun. Þetta eru einstakir eiginleikar sem Proderm sólarvörnin hefur.

Mikið öryggi fyrir þá sem eru lengi úti í sól eða eru mikið í sundi eða sjó.

Meðmæli húðlækna. Ath að fræðsla miðast almennt við sólvarnir sem eru snyrtivörur og þær sólvarnir þarf að bera á húðina á 1-2 klst fresti.

Viðurkennd og óhlutdræg alþjóðastofnun, Inveresk Research Institute hefur prófað og staðfest gæði Proderm. Gæðaviðurkenning sem vörn gegn UVA geislum.

Öryggi fyrir viðkvæma eða ljósnæma húð og sólarexem. Verndar húðina fyrir rakatapi og öldrun húðar, minnkar líkur á að fá frunsur og húðútbrot.

Proderm After Sun kælir og róar húðina vel sem verður mjúk og rakafyllt, einnig þegar borið er á skordýrabít hverfur kláðinn alveg.

Vörnin er í froðuformi, þægileg að bera á og drjúg. Fyrir líkama, andlit og varir. Engin fituáferð. Gefur fínan sólbrúnan lit sem endist.

Til glöggvunar dugar einn brúsi fyrir 1 full-orðinn í 10-15 daga solarfrí.

**Styrkleikar 8, 15, 25 og vörn 30 fyrir börn.**

**Njótið sumarsins vel!**

**Umboð: Celsus Sími 551 5995**

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)

**Fróðleiksmolar**

**Ertu að fá „jafnaðarlaun“ fyrir kvöldvinnu?**

**Hverju er verið að jafna saman ef eingöngu er unnið á kvöldin og um helgar?**

**PRODERM**  
**SUNSCREEN**  
**6 klukkutíma vörn**  
Eina sólarvörnin sem er skráð læknisfræðileg.

**UVA MAX**

Gefur fallegan, endingargóðan sólbrúnan lit. 6 klst. vörn þolir sjó, sund, svita, sand og leik.

**SPF 8 15 25 30**

**30**

Fæst í apótekum og fríðofni.



Lawrence Mikesch á fundi hjá Eflingu

Gylfi Páll Hersir og Ögmundur Jónsson:

## Sigur í brottvísunarmáli Róger Calero

Hinn 15. maí síðastliðinn endurheimti Róger Calero, aðstoðarritstjóri mánaðarblaðsins *Perspectiva Mundial* og blaðamaður á fréttablaðinu *Militant*, græna kortið sitt og nicaraguanskt vegabréf eftir sex mánaða baráttu. Róger var handtekinn á heimleið frá alþjóðlegum ráðstefnum á Kúbu og í Mexíkó en þar var hann staddur sem blaðamaður. Meina átti honum landgöngu vegna minniháttar afbrots frá árinu 1988. Róger er 34 ára gamall og fæddur í Nicaragua en hefur búið í Bandaríkjunum frá 1985 og er kvæntur bandarískri konu. Frá máli hans var sagt í marshefti *Efllingarblaðsins*.

Pegar Róger var handtekinn hóf hann baráttu fyrir því að hann fengi aftur græna kortið. Þessi tilraun stjórnvalda til þess að útiloka hann frá Bandaríkjunum, afturkalla varanlegt dvalarleyfi og neita honum um réttinn til að

búa og starfa í landinu, snart streng í brjóstum margra. Hann hlaut almennan stuðning meðal liðsmanna verkalyðshreyfingarinnar, hvatamanna prentfrelsis, baráttufólks fyrir réttindum innflytjenda og fólks sem er lítið um árásir stjórnvalda á lýðræðisleg réttindi gefið.

Tvær milljónir manna sitja í fangelsum í Bandaríkjunum eða 700 af hverjum hundrað þúsund íbúum landsins. Hér á landi er þessi tala 33 af hundrað þúsund, á Norðurlöndum nálægt 60 og örlítið hærri t.d. á Ítalíu og í Þýskalandi. Ef taldir eru saman þeir sem eru í fangelsum, á skilorði eða reynslulausn er talan 6,5 milljónir eða 1 af hverjum 32 íbúum. Rúm 7.000 fanganna eru undir 18 ára aldri.

Bandaríska útlendingaeftirlitið hefur fengið aukin völd, fer inn á fleiri vinnustaði en áður og hefur fengið aukið vald til þess að fangelsa innflytjendur og vísa úr landi. Í nafni „baráttu gegn hryðjuverkum“ hafa hundruð manna verið teknir og hafðir í haldi að því að virðist í það óendanlega, án ákæru. Róger tók einmitt þátt í tímamótabaráttu innflytjenda fyrir að stofna verkalyðsfélag í kjötpökkunarstöð í St. Paul í Minnesota þar sem hann starfaði. Þess ber að geta að Bill Pearson, formaður verkalyðsfélagsins sem skipuleggur verkafólkið í kjötpökkunarstöðinni, studdi Róger einarðlega: „það væri ranglæti að neyða hann til að yfirgefa landið“, ritaði hann.

Vegna þess almenna stuðnings sem Róger og stuðningsmenn hans öfluðu varð Útlendingaeftirlitið að láta hann lausan úr fangelsi eftir tíu daga vist. Róger hélt strax í fundaðferð um Bandaríkin þver og endilöng til þess að segja frá baráttu sinni, afla stuðnings, safna fé til að standa straum af lögfræðikostnaði og öðrum útgjöldum og til að þrýsta á stjórnvöld um að láta málið niður falla. Þetta var fordæmi sem mörgum líkaði við, því svo ótrúlega margir höfðu og hafa reynslu af þessu sama hvað varðar fjölskyldu, ættingja, vini eða vinnufélaga.

Lawrence Mikesch gamall vinnufélagi Rógers í kjötpökkunarstöðinni í St. Paul fór um Svíþjóð, Bretland og Ísland til að tala máli hans. Hér átti hann meðal annarra viðræður við Sigurð Bessason formann *Efllingar-stéttarfélags* og Þráin Hallgrímsson skrifstofustjóra félagsins. Greint var frá málinu í marshefti *Fréttablaðs Efllingar*. Í kjölfarið sendi Sigurður bréf fyrir hönd *Efllingar* til bandaríska útlendingaeftirlitsins þar sem fyrirhugaðri brottvísun var mótmælt.

Varnarbarátta Rógers er fordæmi fyrir aðra sem standa í baráttu gegn brottvísun, upplognum sökum eða öðrum árásum lögreglunnar. Hún sýnir að það hefur tilgang að berjast fyrir réttindum sínum. Til þess er samstaða okkar verkafólks mikilvæg, hvað sem landamærum líður. Það sýndi varnarbarátta Rógers Calero. Hún dustaði rykið af gamalkunnugu lögmáli verkalyðshreyfingarinnar, „árás á einn er árás á alla.“

Hér átti hann meðal annarra viðræður við Sigurð Bessason formann *Efllingar-stéttarfélags*





# Viðtalstímar lögfræðinga

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason



Karl Ó. Karlsson





**TIL  
DANMERKUR  
Í FRÍÐ** BÍLALEIGA – SUMARHÚS

**ÓDÝRIR** bílaleigubílar  
fyrir Íslendinga, t.d. vikugjald Dkr. 1.975

SUMARHÚS FRÁ **DANCENTER**  
Verðlisti með yfir 7000 sumarhúsum um  
alla Danmörku

**ÍBÚÐIR Í ORLOFSHVERFUM**  
Lalandia

Verið velkomin á heimasíðu okkar  
[www.fylkir.is](http://www.fylkir.is)

**International Car Rental**

Umboðsmaður:  
Fylkir Agústsson  
Fjarðarstræti 15  
400 Ísafjörður

Fáið sendar frekari upplýsingar  
**Sími 456 3745**  
Netfang: [fylkirag@fylkir.is](mailto:fylkirag@fylkir.is)  
Veffang: <http://www.fylkir.is>

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

## Heildarlausnir


Frá hugmynd  
að fullunnu verki



**HÉÐINN**

Rennis 4 • 101-210 Garðabær  
Sími: 880 2100 • Fax: 880 2021 • [www.fedinn.is](http://www.fedinn.is)





|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

# Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum  
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík  
 Svar þarf að berast fyrir 15. ágúst.





Viktoría Jensdóttir afhendir vinningshafanum Önnu Kristínu Elísdóttur ávísun frá Eflingu

## Vinningshafi í krossgátunni

Þegar dregið var úr réttum lausnum í síðustu krossgátu kom í ljós að heppin vinningshafi var Anna Kristín Elísdóttir, starfsmaður mötuneytis Kaupþings-Búnaðar-

banka. Hér tekur hún við ávísun frá Eflingu sem Viktoría Jensdóttir afhendir henni á vinnustað hennar.

### Lausn síðustu krossgátu



*Fyrirvaralaus uppsögn!*

## Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekin úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.

Plantað í Heiðmörk



Fríður hópur ræktunarfólks í Heiðmörk

# Áhuginn leyndi sér ekki hjá yngsta fólkinu

**Hin árlega gróðursetningarferð Eflingar í Heiðmörk var farin 24. maí s.l.**



Vant fólk!



Börnin voru dugleg að hjálpa til

Það var mikill hugur í þeim félagsmönnum Eflingar sem mættu þennan dag til að hlúa að og gróðursetja í reitinn okkar á þessum fagra stað í nágrenni Reykjavíkur.

Um 200 plöntur voru settar niður. Þarna var samankomið fólk á ýmsum aldri og áhuginn mikill á að fegra og bæta umhverfið.

Krafturinn og áhuginn leyndi sér ekki í yngsta aldurshópnum, hjá þeim sem erfa á landið. Dugnaðurinn var óþrjótandi og mikil ánægja með að fá að taka þátt í alvöru verkefni með fullorðna fólkinu. Vonandi eiga þessir krakkar eftir að njóta verka sinna síðar á ævinni í fögrum reit Eflingar í Heiðmörk.

Eftir að fólk hafði unnið hörðum höndum við gróðursetningu í um tvo og hálfan tíma var boðið upp á veitingar, samlokur, kex og gos.

Sjáumst að ári.

Smelltu á [www.efling.is](http://www.efling.is)



A photograph of an older man with white hair and glasses, wearing a dark suit, white shirt, and striped tie. He is smiling and waving a brown hat with his right hand. The background shows a modern building with large windows and a blue car parked on a street. A red and blue circular traffic sign is visible in the upper right corner.

KOMDU SÆLL

Það hefur mótað starfsemi okkar hjá Odda í sextíu ár að við viljum vera ábyrgt fyrirtæki í íslensku samfélagi og koma fram af heilindum og virðingu gagnvart viðskiptavinum okkar. Ánægðir viðskiptavinir vita af reynslunni að góð og persónuleg þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki, lítil og stór er meginmarkmið okkar sem vinnum hjá Odda.

„ÞAÐ ÞEKKJA OKKUR ALLIR“



[www.odd.is](http://www.odd.is)

# Nicotinell® reyklaus í fríinu!

Nicotinell lyfjatyggigúmmíð fæst með  
lakkris-, ávaxta- og mintbragði.

**Dreptu í með Nicotinell!**

Fæst í næsta apóteki



© 1997 NOVARTIS

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálpavæði til að hjálpa eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem  
lætur þegar tyggð er, brennast í munninum og dragur úr frítverðiskennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt  
tykki í einu, haldið og rólega til að vinna gegn rýkingaböf. Svartimur er brennstofubundinn, en ekki má tyggja fleiri  
en 25 stk. á dag. Einn er ráðlagt að nota lykið lengur en 1 ár. Nikótín gefur stöðugt aukaverðum, s.s. svima, höfuðvei,  
ogðni, háða og erfingu í meiningarferum. Svækingar með slæma hjarta- og meðalokdóm eiga ekki að nota Nicotinell  
nema í samráði við lækni. Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kyndil  
ykur veitir brenningar sem fylgja pakningunni. Dæmið þar sem búið hefur ná til há spá.



NOVARTIS  
CONSUMER HEALTH



TUNNABÆRINN EYI